

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Fær barmafullan kaffi-bolla af ást í rúmið

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁSGEIR GUNNAR ÁSGEIRSSON

Hrellir liðsfélagana með börnum

Miðjumaður FH orðinn tannlæknir
FÓLK 26



TIL & L BOÐ

20% lægra verð í næstu verslun

FRÉTTA BLAÐIÐ

PITT

18. janúar 2010 – 14. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Íslenska heyið gott

Sveinn Ragnarsson, lektor við Háskólann á Hólum, ver doktorsritgerð í fóðurfræði hesta.

TÍMAMÓT 14

Fjögurra stjörnu Faust-sýning

Uppfærsla Vesturports á Faust fær góða dóma.

MENNING 18



Góð ráð dýr

Aukinn sáttatónn á öllum sviðum samfélagsins er grundvallarþáttur í efnahags- og samfélagslegri uppbyggingu landsins, segir Finnur Oddsson í pistli sínum.

Í DAG 12


Strákarnir klárir á EM

Guðmundur Guðmundsson hvíldi lykilmenn í tíu marka tapi fyrir Frökkum í lokaleikum fyrir EM.

ÍÞRÓTTIR 20



VEÐRIÐ Í DAG



Stöku skúrir eða él um sunnan- og vestanvert landið en nokkuð bjart norðaustan- og austanlands. Vægt frost inn til landsins en frostlaust með ströndum.

VEÐUR 4

Bakkavör greiði allt en fresti gjalddögum

Nauðasamningar gera ráð fyrir að bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir stýri Bakkavör áfram. Gjalddagar lána færast til ársins 2014. Þá eiga lánin að greiðast að fullu. Gangi þetta eftir geta bræðurnir eignast fjórðung í félaginu.

VIÐSKIPTI Bakkavör mun í dag óska eftir heimild til að leita nauðasamnings við lánardrottna. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa kröfuhafar rúmlega 70 prósentu skulda félagsins þegar samþykkt innihald nauðasamningsins.

Í frumvarpi að nauðasamningnum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er gert ráð fyrir að engar afskriftir verði á skuldum Bakkavarar. Hins vegar verður gjalddögum á lánum frestað þannig að þau verði að fullu greidd með vöxtum um mitt ár 2014 – eða eftir fjögur og hálf ár.

Um gríðarlegar fjárhæðir er að ræða því móðurfélag Bakkavarar

skuldar lánardrottnum um 62,5 milljarða króna. Íslenskir lífeyrisjóðir eru þar fremstir í flokki.

Stofnendum og aðaleigendum Bakkavarar, bræðrunum Lýði og Ágústi Guðmundssyni, er ætlað að stýra félaginu áfram. Gangi áætlunin eftir munu bræðurnir fá að skrifa sig fyrir 25 prósentu hlut í Bakkavör á árinu 2014. Verður þá miðað við að gengi bréfanna sé 1,0. Kröfuhafarnir fá hins vegar þegar í stað 26,67 prósentu hlut í félaginu. Á móti þeim hlut reiknast 784 milljónir króna af skuldum Bakkavarar, eða um 1 prósent af heildarskuldum félagsins. Í þeim viðskiptum reiknast hluta-

bréfin á genginu 1,0. Kröfuhafar geta eignast enn stærri hlut gangi greiðsluáætlunin ekki eftir. Að öðru leyti halda núverandi hluthafar í Bakkavör hlut sínum. Félagið verður skráð úr Kauphöllinni þar til rekstraráformin eru orðin að veruleika.

Samkvæmt frumvarpinu til nauðasamningsins fela tvær mismunandi leiðir varðandi hlutfjár-eign kröfuhafanna í Bakkavör það sama í sér. „Hver sem uppgjörsaðferðin verður munu lánardrottinnar fá í hendur verðmæti sem jafngilda fjárhæð samningskrafna þeirra á hendur Bakkavör (100%),“ segir í frumvarpinu.



ALGIRDAS SLAPIKAS Formaður Íþróttafélags Litháa vill bæta mynd innflytjenda á Íslandi. FRÉTTA BLAÐIÐ/STEFÁN

Vilja bæta mynd innflytjenda:

Litháar stofna Íþróttafélag

FÓLK „Við viljum sýna að við erum ekki öll slæmar manneskjur,“ segir Litháinn Algirdas Slapikas. Hópur fólks hefur stofnað Íþróttafélag Litháa á Íslandi sem hefur það að markmiði að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkana og aðstoða innflytjendur við að aðlagast íslensku samfélagi. „Vegna allra þessara neikvæðu fréttu í blöðunum þá er þetta eitthvað sem við viljum að sjálfsgöðu að bæti mynd innflytjenda, sem fáeinir einstaklingar hafa skemmt,“ segir Algirdas, sem er formaður félagsins. Um 1.500 Litháar eru búsettir á Íslandi.

- fb / sjá síðu 26

Hjálparstarfið á Haítí: Yfir 70 bjargað úr rústunum

HAÍTÍ Talsmaður Sameinuðu þjóðanna, Elisabeth Byrs, segir að fólk sé enn á lífi í byggingunum sem hrundu í jarðskjálftanum á Haítí. Reiknað sé með að það geti lifað í sex daga í rústunum. Sá tími rennur einmitt út í dag.

Íslenska björgunarsveitin fór í gær ásamt breskri sveit og sveit frá Katar í gær til borgarinnar Léogane sem er við upptök stóra skjálftans. „Við ætlum að tryggja að það sé búið að fullleita í þessari borg seinni partinn á morgun [í dag]. Við leitum einna helst á stöðum þar sem enn heyrir í fólki innan í rústunum,“ sagði Grétar Rafn Ólafsson, stjórnandi hjá íslensku sveitinni, síðdegis í gær.

- fb / - gar



ÓPOLINMÓÐIR KYLFINGAR Þessir kylfingar tóku forskot á sæluna og nýttu veðurblíðuna í gær til að spila golf á iðjagrænum vellinum á Korpúlfsstöðum. Nokkrir mánuðir eru í að golfvellir landsins opnir en nokkrir klúbbar hafa þó staðið fyrir mótum í vetur.

FRÉTTA BLAÐIÐ/VILHELM

Fátt í hendi um framkvæmdir við Reykjavíkurlugvöll, segir verkefnastjóri:

Samgöngumiðstöð enn í bið

SAMGÖNGUR Undirbúningur samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri hefur gengið vel síðustu daga. Þó er alls óvíst hvenær framkvæmdir hefjast.

Enn á eftir að ganga frá samningum við flugfélög og rútufélög um að leigja aðstöðu í húsinu. Þá á eftir að hanna húsið og ganga frá skipulagi.

Þetta segir Ólafur Sveinsson, verkefnastjóri samgöngumiðstöðvar og stjórnarformaður Flugstöða. Að auki hafi ekki verið gengið frá

fjármögnun hússins, í gegnum lífeyrissjóði. „Það er of mikill efi í þessu til að segja mikið meira að svo stöddu,“ segir Ólafur.

Hann treystir sér því ekki til að meta hversu langan tíma slík bygging tæki, en miðað við aðalskipulag Reykjavíkur og forsendur samgönguyfirvalda verður ekki hægt að nota Reykjavíkurlugvöll til innanlandsflugs eftir árið 2016.

- kóp

Bragðgóð nýjung

Fjöröstur

Prófaðu nýja braðgöða Fjörostinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins 9%

Ríkur af mysupróteinum

Kafbátur mánaðarins • janúar

6 tommu bátur 379 Krónur

Skinkubátur SUBWAY

7 kafbátar með 6 grómm á litu

HjartaHeill

mánudagur: FISKUR

YOGURT

Uppskriftin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is



Ívar, maður sér ykkur þá ekkert á Grand Rokk?

„Við höfum einu sinni spilað á Grand Rokk en nei, það er ekkert fram undan þar.“

Ívar Björnsson er í hljómsveit sem nýverið gaf út sína fyrstu plötu. Sveitin heitir Nolo.

Írakinn Efnavopna-Ali:

Fékk fjórða dauðadóminn

BAGDAD, AP Írakinn Ali Hassan al-Majid, eða Efnavopna-Ali eins og hann er kallaður, hefur verið



EFNAVOPNA-ALI

dæmdur til dauða í fjórða sinn. Í þetta sinn var hann dæmdur til hengingar fyrir að fyrirskipa gasarás á Kúrda árið 1988 þegar rúmlega fimm þúsund manns fórust. Ali, sem er frændi Saddams Hussein fyrrum Íraksforseta, hefur þrívægis áður verið dæmdur fyrir glæpi gegn mannkyninu í Írak. Síðustu þrjú dómarnir hafa ekki náð fram að ganga, meðal annars vegna þess að þeir Kúrdar sem lifðu af gasarásina vildu að sínar raddir fengju að heyrast í málinu gegn Ali. Fögnum þeir mjög þegar dómurinn yfir Ali var kveðinn upp. - fb

Aðfaranótt laugardags:

102 mál á borð lögreglunnar

LÖGREGLUMÁL Alls komu 102 mál á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardags. Að sögn lögreglunnar er þetta í hærri kantinum, sérstaklega í janúarmánuði sem er yfirleitt frekar rólegur. Tveir menn voru gripnir glóðvolgir við innbrot á heimili á Skúlagötu laust eftir miðnætti. Annar er á sextugsaldri en hinn á fertugsaldri. Fimm umferðaróhöpp urðu um nóttina og lítills háttar meiðsl urðu á fólki þegar tvær bifreiðar skulu saman á gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar. Þrjú ökumenn voru einnig teknir grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna. - fb

Bakgrunnur nýs forstjóra Húsasmiðjunnar var skoðaður í þaula fyrir ráðningu:

Verður seld í opnu tilboðsferli

VÍBSKIPTI Stjórnendum Vestia, eignarhaldsfélagsi Landsbankans, var kunnugt um fjölskyldutengsl Sigurðar Arnars Sigurðssonar, nýráðins forstjóra Húsasmiðjunnar, við Hannes Smáráson, fyrrverandi forstjóra FL Group, og leituðu ítarlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu hans áður en Sigurður var ráðinn til að taka við forstjórstólnum í síðustu viku.

Hannes, sem er bróðursonur Sigurðar, átti um tíma tæpan tuttugu prósentu hlut í Húsasmiðjunni í gegnum félagið Primus. SPV, dótturfélag Byrs, gekk að veðum í félaginu vorið 2008.

Sigurður er reynslubolti í smá-

sölugeiranum en hann vann náð með Jóni Helga Guðmundssyni, eiganda Kaupáss og stofnanda Byko, á árunum 1997 til 2006 og var forstjóri Kaupáss frá 2004. Á sama tíma var Hannes giftur dóttur Jóns.

Áður en Sigurður tók sæti í stjórn Húsasmiðjunnar var hann sjálfstætt starfandi ráðgjafi, meðal annars fyrir matvælafyrirtæki Hannesar í Bretlandi.

Vestia tók Húsasmiðjuna yfir í október í fyrra. Ekki stendur til að selja hana á næstu mánuðum. „Þegar að því kemur verður það gert í samræmi við starfsreglur Vestia um opið tilboðsferli,“ segir Steinþór Baldursson, framkvæmdastjóri Vestia. - jab



SIGURÐUR ARNAR Nýr forstjóri Húsasmiðjunnar hefur viðtæka reynslu í smásölugeiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Forsetakosningar í Úkraínu:

Janúkovitsj í efsta sætinu

ÚKRAÍNA, AP Viktor Janúkovitsj, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úkraínu, mun samkvæmt útgönguspám bera sigurorð af forsætisráðherra Júlíu Tímósjenko í fyrstu umferð forsetakosninganna þar í landi. Talið er að þeir tveir muni etja kappi um forsetaembættið í næsta mánuði. Núverandi forseti, Viktor Jústsjenko, hefur aftur á móti helst úr lestinni og er aðeins með um sex prósent atkvæða. Janúkovitsj hafði verið afskrifaður eftir forsetakosningarnar árið 2004 þegar hæstiréttur Úkraínu ógilti sigur hans vegna kosningavindls en hefur nú komið sterkur til baka. - fb

Vilja samkeyra gögn um stöðu lögmanna

Lögmannafélagið segir ógjörning að fylgjast með því handvirkt hvort lögmenn uppfylli á hverjum tíma skilyrði til starfa og vill samkeyra gögn frá tryggingafélögum, Lánstrausti og úr sakaskrá. Persónuvernd tekur jákvætt í þá beiðni.

ATVINNUMÁL Lögmannafélag Íslands segir mikla fjölgun lögmanna leiða til hættu á að upplýsingar um hugsanleg gjaldþrot og refsíðna félagsmanna berist félaginu ekki. Því þurfi að heimila að samkeyra upplýsingar úr gagnaböndum.

Í bréfi til Persónuverndar bendir Lögmannafélagið á að félagið eigi að fylgjast með því að lögmáður uppfylli ávallt skilyrði laganna fyrir lögmansréttindum. Þetta varðar meðal annars það að bú lögmanna hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og að hann hafi óflekkað mannorð, að sjálfstætt starfandi lögmenn hafi gilda ábyrgðartryggingu og sérstakan fjárvörslureikning í viðurkenndri bankastofnun til að varðveita fé skjólstaðinga.

Lögmannafélagið segir að félagsmönnum hafi fjölgað um sextíu prósent á tíu árum. Lögmenn og dómarmar þekki nú síður deili á lögmönnum en áður og því hætta á að nauðsynlegar upplýsingar um gjaldþrot eða refsíðna lögmanna berist félaginu ekki og að upp hafi komið slík tilvik. Handvirkt eftirlit með félagsmönnum sé orðið nær óframkvæmanlegt.

„Til að tryggja betur lögbundid eftirlit félagsins með lögmönnum telur stjórn þess mikilvægt að kanna hvort samkeyra megi, með reglulegu millibili, ýmsar opinberar upplýsingar, sem og viðskiptaupplýsingar einkafyrirtækja, við lista lögmannafélagsins yfir skráða félagsmenn. Þær upplýsingar sem hér um ræðir eru meðal annars upplýsingar úr sakaskrá, skrá Lánstrausts hf. um gjaldþrot



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Mikil fjölgun lögmanna á stuttum tíma hefur að sögn Lögmannafélags Íslands leitt til þess að þeir sjálfir og dómarmar þekki síður deili hver á öðrum miðað við það sem áður var. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lögmanna, skrár íslenskra váttryggingafélaga um gildar starfsábyrgðartryggingar lögmanna á hverjum tíma og loks upplýsingar viðskiptabanka og sparisjóða um skráða fjárvörslureikninga lögmanna,“ segir í erindi Lögmannafélagsins.

Í svari Persónuverndar segir að gæta þurfi þess að persónuupplýsingarnar séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Sömu-

leiðis að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt sé.

Persónuvernd segir að sú vinnsla persónuupplýsinga sem Lögmannafélagið lýsir geti stuðst við lagaheimildir og býðst til að svara frekari spurningum varðandi það. „Þó skal tekið fram að áður en slík svör eru veitt er æskilegt að veittar verði frekari skýringar á því hvernig umræddri vinnslu verður hagað.“ gar@frettabladid.is



FLUTTAR Á SJÚKRAHÚS Þýrla Landhelgisgæslunnar sótti tvær stúlkur um tvítugt vestur á land í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílvelta við Grundarfjörð:

Þýrla sótti tvær ungar stúlkur

SLYS Tvær stúlkur um tvítugt slösuðust þegar bíllinn sem þær voru í valt vestan við Grundarfjörð seinni partinn í gær. Að sögn lögreglunnar á Grundarfirði er mikilli hálfu á veginum um að kenna að slýsið varð.

Þýrla Landhelgisgæslunnar sótti stúlkurnar eftir að hafa komið til móts við sjúkrahúsið á Kaldárþakkaflugvelli, vestan við Eldborgarhraun. Báðar stúlkurnar voru með meðvitund þegar þýrlan kom og sótti þær og flutti á Landspítalann í Fossvogi. - fb

LÖGREGLUFRETTIR

Bílvelta á Reykjanesbraut

Bílvelta varð á Reykjanesbraut austan við Grindavíkurveg rétt fyrir klukkan ellefu í gærmorgun. Sjúkrabíll var kallaður á staðinn og var einn fluttur á sjúkrahús. Talið er að meiðslin hafi verið minni háttar. Töluverð hálka var á veginum þegar slýsið varð.

FÆREYJAR

Vill styrkja íslensku sveitina

Íslenska þjóðunarsveitin á Háiti ætti að fá þá peninga sem Rauði kross Færeyja hefur safnað vegna hamfaranna þar. Þetta segir Jákup Símun Simonsen, bæjarfulltrúi í Þórshöfn, í viðtali við Sósíalinn.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Glæný Línuýsa
-úr Jökuldýpi

Kinnar og Gellur
-nýjar og nætursaltaðar-

Sjósíginn fiskur, Roðlaus
-frá Bolungarvík.

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Ekkert fundað um Icesave meðal formanna flokkanna um helgina:

Ræða nú við Norðurlöndin

EFNAHAGSMÁL Íslensk stjórnvöld knýja nú á stjórnvöld á Norðurlöndunum um að þau skýri hvort þau vilji lána Íslendingum fé eður ei. Svo segja heimildir blaðsins úr Stjórnarráðinu.

Sem kunnugt er hafa Norðmenn verið viljugastir til að lána þjóðinni eftir synjun Ólafs Ragnars Grímssonar forseta á staðfestingu Icesave-laga. Svár hafa hins vegar lagst gegn því. Svör Dana og Finna munu vera loðnari.

Ekki hefur náðst í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til að útskýra hvað hafi gefið henni tilefni til að lýsa yfir bjartsýni um að það gæti tekist að fá Breta og Hollendinga að samningaborðinu.

Samstarfsfólk hennar vill þó meina að hún hafi vísað til þess að samstaða um Icesave myndi nást innanlands. Að því

gefnu hefðu erlendir viðsemjendur meiri ástæðu til að halda að hægt væri að semja um málið endanlega.

Orð framsóknarkonunnar Sivjar Friðleifsdóttur á Bylgjunni í gær, um að „miklu betri samningur“ þyrfti að koma til svo hætt yrði við þjóðaratkvæðagreiðslu hafa ekki aukid vonir stjórnarliða um samstöðu meðal flokkanna.

Þrátt fyrir umrædda þörf á samstöðu hafa formenn flokkanna ekki hist um helgina. - kóp



FORSTUFÓLK RÍKISSTJÓRNAR

Viðmælendur blaðsins úr Stjórnarráðinu telja samstöðu allra flokka um Icesave vera forsendu þess að Bretar og Hollendingar vilji setjast enn á ný að samningaborðinu.

Bætt arðsemi eigin fjár

POWEREDGE™ T610

Frábær alhliða netþjónn sem hentar í allan almennan kerfisrekstur
Turn sem hægt er að breyta í 5U Rack þjón
Allt að 8TB diskapláss og 96GB vinnsluminni
Einn eða tveir fjögurra kjarna Intel® Xeon5500 örgjörvar
Tilvalinn netþjónn fyrir sýndarvélur og 64bita stýrikerfi
Tveir straumgjafar



Öflugur og áreiðanlegur netþjónn frá Dell eykur skilvirkni og tryggir gagnaöryggi fyrirtækisins.



Dell EMC AX4-5

Einföld og hentug SAN gagnageymsla. Fáanleg bæði í iSCSI og FC útgáfum. Stækkanleg í 60 diska, SAS eða SATA.



Dell 5110 litalaser prentari

Hraðvirkur hágæða nettengjanlegur prentari fyrir stærri sem smærri vinnuhópa.



Dell Poweredge R300

Góður alhliða netþjónn. Einn fjögurra kjarna Intel Xeon 5000 örgjörvi. Tveir SAS eða SATA diskar. Allt að 24GB vinnsluminni.



Dell Latitude™ E6400

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg.



EMC CX4-120

Öflug og skalanleg SAN gagnageymsla. Tvær stýrieningar með 4 FC og iSCSI tengi. Stækkanleg í allt að 120 diska.



Dell 23" Pro LCD skjár

Vandaður skjár í góðri stærð með fjölda tengimöguleika.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,76	125,36
Sterlingspund	203,03	204,01
Evra	179,47	180,47
Dönsk króna	24,111	24,253
Norsk króna	22,014	22,144
Svænsk króna	17,695	17,799
Japanskt jen	1,3742	1,3822

SDR	195,98	197,14
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	234,107	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ríkisendurskoðun á enn eftir að fá fjárhagsupplýsingar vegna prófkjara 2007 frá átta frambjóðendum:

Þingmaður hvattur til að fara að lögum

STJÓRNMÁL Ríkisendurskoðun hefur hvatt Árna Johnsen, þingmann Sjálfstæðisflokksins, til að skila fjárhagslegum upplýsingum um framboð sitt til alþingiskosninga 2007. Árni átti að skila gögnunum í síðasta lagi 25. október. Samkvæmt lögum um fjármálstjórnmálasamtaka varða brot gegn þeim allt að sex ára fangelsi og það er Ríkisendurskoðun sem sker úr um hvort kæra skuli frambjóðendur eða ekki. Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, segir að það kunni að vera svolítið harkalegt að kæra vegna þessa að svo stöddu, miðað við það sem

gengur og gerist í samfélaginu, til að mynda við skil á skattframtölum. „Árni er búinn að fá hvatningu frá okkur. Hann ber því við að hann hafi sent þetta, en við höfum ekkert fengið,“ segir Lárus. Árni sjálfur geti einn bætt úr þessu. Árni Johnsen segir að upplýsingarnar hafi misfarist hjá Ríkisendurskoðun, nema eitthvað hafi farið úrskaiðis í tölvumálum, þegar hann hafi sent upplýsingarnar í gegnum Alþingi. „Ég á eftir að ganga frá þessu aftur, en hef bara ekki verið í bænnum síðustu daga,“ segir hann.

Aðrir sjálfstæðismenn sem ekki hafa skilað umræddum upplýsingum eru Kjartan Þ. Ólafsson á Selfossi og Sigurlaug Hanna Leifsdóttir á Akureyri. Allir frambjóðendur Frjálslynda flokksins hafa nú skilað uppgjöri. Áður höfðu allir frambjóðendur Framsóknar skilað sínu. Einn samfylkingarmaður, Pétur Tyrfingsson, hefur ennu skilað. Fjórir af þeim átta sem eiga eftir að skila gögnunum eru í VG: Heimir Björn Janusarson, Paul Nikolov og Þorvaldur Þorvaldsson í Reykjavík. Einnig Jósep B. Helgason á Akureyri. - kóp



ÁRNI Á ALÞINGI Þingmaðurinn var árið 2003 dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir mútubægni og fjárdrátt í opinberu starfi, einnig fyrir umboðssvik og fyrir að gefa rangar skýrslur til yfirvalda.

Vatnsverksmiðjan í Ölfusi: Íslenskt vatn til fólksins á Haítí

HJÁLPARSTARF „Við heitum því að senda þúsundir kassa til viðbótar,“ segir Jón Ólafsson, eigandi vatnsverksmiðjunnar í Ölfusi



sem þegar hefur sent þrjú tonn af íslensku vatni á flöskum til hamfarasvæðanna á Haítí. „Kassarnir með vatninu voru meðal þeirra fyrstu sem bárust og voru fluttir af íslensku alþjóða björgunarsveitinni,“ segir í tilkynningu frá Icelandic Water Holdings ehf. sem rekur vatnsverksmiðjuna. Í tilkynningunni kemur einnig fram að enn meira af vatni frá fyrirtækinu átti að berast um helgina til Haítí með flugvélum Bandaríkjahers. - gar



APRÍL 2006 Nýir bílar stóðu í löngum röðum við Sundahöfn vorið 2006.



JANÚAR 2010 Þótt nokkrir óseldir bílar séu enn við Sundahöfn eru kaupendur ekki í sjónmáli.

Kaupæðið horfið af planinu í Sundahöfn

Innflutningur á nýjum bílum hefur verið hverfandi síðan fjármálakerfi okkar hrundi fyrir rúmum fimmtán mánuðum. Þetta blasir við þegar bornar eru saman myndir af bílplaninu við Sundahöfn í apríl 2006 og í janúar 2010.

FJÁRMÁL Í fyrstu viku nýhafins árs seldust 36 nýir bílar á Íslandi samkvæmt tölum Umferðarstofu. Allt árið í fyrra seldust 2.023 bílar. Árið 2008 seldust hins vegar 9.033 nýir bílar. Og þótti lítið. Lítil sala nýrra bíla endur-

speglast vitanlega í innflutningi sem nánast hefur staðið í stað um nokkurt skeið og lítil breyting virðist ætla að verða þar á. Þessi staða endurspeglast vel í tveimur myndum Pjeturs Sigurðssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins. Báðar eru frá Sunda-

höfn. Sú fyrri er frá því í apríl 2006 þegar góðærið virtist engan endi ætla að taka. Sú síðari var tekin á föstudag. Er eins og bílaflotinn sem áður beið væntanlegra kaupenda hafi sögast á haf út og horfið fyrir fullt og allt. En Esjan er enn á sínum stað. - gar

Umdeild skuld í innheimtu: Byr sækir að Exeter Holding

DÓMSMÁL Byr hefur höfðað skuldamál á hendur eignarhaldsfélaginu Exeter Holding vegna láns upp á 1,1 milljarð sem sparisjóðurinn veitti félaginu á haustdögum 2008 og komið er í vanskil. Féð notaði Exeter til að kaupa stofnfjárbréf í Byr, meðal annars af MP Banka og stjórnarmönnum í Byr. Sérstakur saksóknari hefur þessi viðskipti til rannsóknar vegna gruns um markaðsmisnotkun og umboðssvik. Málið var tekið fyrir í fyrsta sinn í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. Framhaldi þess var þá frestað fram í mars. - sh

Þjóðverji týndur í Noregi: Þrjár vikur fót-brotinn á fjalli

NOREGUR Tvær norskur konur fundu fyrir tilviljun 55 ára gamla Þjóðverja, sem hafði legið farsímasambandslaus á fjalli í þrjár vikur. Þjóðverjinn hafði lagt af stað í skíðaferð á annan í júlum en féll strax fyrsta daginn og braut ökkla. Hann komst í fjallakofa sem hann sá á staðsetningartæki að væri í 600 metra fjarlægð. Þar fann hann matarbirgðir og gas til hitunar, en hvort tveggja var á þrotum þegar konurnar fundu hann. Þær náðu farsímasambandi á nálægum tindum og skömmu síðar birtist þyrla sem flutti manninn verulega þrekaðan til byggða þar sem hann fékk læknishjálp. - gb

Dönsk bílslysarannsókn: Áhættublindan er hættulegust

DANMÖRK Sjálföruggir bílstjórar, sem telja sig aka varlega en eru blindir á hættu í umferðinni, valda fleiri slysum í umferðinni en áður hefur verið talið. Þetta er helsta niðurstaða ítarlegrar rannsóknar á bílslysum í Danmörku, að því er danska dagblaðið Berlingske Tidende skýrir frá. Þessir öikumenn keyra yfirleitt á löglegum hraða, en hægja ekki á sér að ráði þótt aðstæður séu erfiðar, til dæmis í myrkri eða regni. - gb

DÓMSTÓLAR Með sveppi og hnúajárn Karlmaður á þritugaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að aka án ökuskrteinis og óhæfur til að stjórna bifreið vegna amfetamínneyslu. Í bíl hans fundust vímusveppir og hnúajárn.

BRIDS SKÓLINN

Byrjendur ... 25. janúar ... tíu mánudagar frá 20-23
Framhald ... 27. janúar ... átta miðvikudagar frá 20-23

- Byrjendanámskeið:** Allir geta lært að spila brids, en það tekur svolítið tíma í upphafi að átta sig á leikreglum. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök. Sjá bridge.is/fræðsla.
- Framhaldsnámskeið:** Námskeiðið hentar breiðum hópi spilara, bæði þeim sem töluvert kunna og eins hinum sem eru tiltölulega nýbyrjaðir. Sjá bridge.is/fræðsla.
- Staður:** Síðumúli 37 í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir Veðurfréttamaður

VÆTUSÖM VIKA Það er vætutið fram undan að minnsta kosti um sunnan- og vestanvert landið. Vætunni fylgir nokkur vindur þannig að regnhlíf-in kemur að litlu gagni. Í dag verður þó úrkomulítið um mestallt land.

Á MORGUN Strekkjngur S- og V-lands, annars hægari.
MIÐVIKUDAGUR Strekkingsvindur eða allhvasst.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	9°
Berlín	1°
Billund	0°
Eindhoven	6°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	22°
London	9°
Mallorca	14°
New York	6°
Orlando	20°
Ósló	-3°
París	9°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

STAÐFEST. ÍSLENDINGAR ERU SKYNSAMIR!

Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009
SUZUKI GRAND VITARA

Verð frá kr. 4.520.000



Söluhæsti fólkabílinn á Íslandi árið 2009
SUZUKI SWIFT

Verð frá kr. 2.650.000



Til hamingju Suzuki eigendur!

**2009 var staðfest að
Suzuki bílar eru ódýrastir í rekstri.**

Þetta var niðurstaða breska bílatryggingafélagsins Warranty Direct sem greint var frá í frétt á mbl.is 24.8.2009. Tekið var tillit til allra helstu þátta í rekstri bíls, þ.e. eldsneytiseyðslu, viðgerðarkostnaðar o.fl.. Meðalbíllinn fékk 112 stig skv. þessari könnun.

Suzuki er í fyrsta sæti og fékk 31,13 stig!!!

(Mazda fékk 53,5 stig, Toyota 56,22 stig og Land Rover rak lestina með 213,73 stig.)

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRAUST UMBOD Í 40 ÁR

KJÖRKASSINN



Eiga Íslendingar að vera stoltir af starfi íslensku rústabjörgunar-veitarinnar á Haítí?

Já	94,4%
Nei	5,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að fylgjast með íslenska landsliðinu í handbolta á EM í Austurríki?

Segðu þína skoðun á visir.is



Veggjald í Hvalfjarðargöngunum hækkar um tæplega 13 prósent frá og með 1. febrúar næstkomandi:

Undrast færri ferðir fyrir sama verð

SAMGÖNGUR Veggjald í Hvalfjarðargöngunum hækkar um tæplega 13 prósent að jafnaði frá og með 1. febrúar vegna verðlagsþróunar og afkomu Spalar undanfarin tvö ár.

Gjald fyrir staka ferð í fyrsta gjaldflokki fer úr 800 í 900 krónur og hver ferð áskrifenda að eitt hundrað ferðum fer úr 230 í 259 krónur. Inneign áskrifenda minnkar sjálfkrafa við gjaldskrárbreytinguna, það er ónotuðum ferðum fækkað sem svarar til hækkunar veggjaldsins.

Aðspurður efast Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, um að þessi ákvörðun varðandi áskriftina standist. „Það þarf alltaf samþykki

neytenda fyrir breytingum að skilmálum eða kjörum nema í einstaka undantekningartilvikum,“ segir Gísli. „Þá er hægt að tilkynna og gefa frest vilji menn draga sig út úr viðskiptunum. Til dæmis ef síma-fyrirtæki hækka verðskrána hefur maður þrjátíu daga til að skipta um fyrirtæki eða áskrift. Annars er maður bundinn,“ segir hann. „Ef einokunarfyrirtæki ætla að hækka verð þá gildir ekki þetta sjónarmið sem almennt gildir um frjálsa verðlagningu. Þess vegna þyrfti óháður aðili, til dæmis ráðherra, að meta hvort það séu forsendur til hækkunar.“

Gylfi Þórðarson, framkvæmda-

stjóri Spalar, segir að tekið sé fram í skilmálum í 2. grein áskriftasamnings að Spölur heimili viðkomandi að hafa afnot af göngunum á því gjaldi sem er í gildi hverju sinni. „Þetta hefur einu sinni hækkað á ný árum en síðan hefur gjaldið lækkað fimm sinnum. Einu sinni lækkaði það um tæp 40 prósent fyrir þessa algengustu bíla og þá fengu menn 40 til 50 ferðum meira en menn voru búnir að kaupa. Það kvartaði enginn þá,“ segir Gylfi. Hann bætir við að fólk geti sagt upp áskriftarsamningi sínum með stuttum fyrirvara ef það vill. „Það getur skilað inn lyklinum og fengið endurgreitt, það er ekkert sem bannar það.“



HVALFIJARÐARGÖNG Framkvæmdastjóri Spalar segir að tekið sé fram í áskriftarsamningi að gjaldið getur hækkað og lækkað eftir aðstæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

NICOTINELL

getur hjálpað þér að hætta að reykja

...með ávaxtabragði!



Nicotinel er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinel

Nicotinel nikotínlyfjast á lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykningum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinel lyfjatyggigöngum mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ónæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaláfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðhöldu Þinnmetali afbrigði hjartaöngar, alvarlega hjartaláttarreglu eða heilabliðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinel nikotínlyf. Sjúklingar með háþýsting sem ekki hefur náðst störm á stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómíklæði, auk alvarlega skertar nýrna- og/öðra lífrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinel. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með bam á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfing: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.



RÓTA Í RÚSTUNUM Hjálparstarfsmenn róta í húsarústunum á Haítí eftir jarðskjálftan sem gekk yfir landið.

AP/MYND

ný vara



Fairtrade tekassi. Hentar bæði sem tepoki beint í bollann eða sem púði í senseo vélarnar. 240 tepokar í pakka á aðeins 599 kr/pk.



nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

599 kr/pk. verð aðeins

Fólk enn sagt á lífi í húsarústunum á Haítí

Talsmaður Sameinuðu þjóðanna segir að yfir sjötíu manns hafi verið bjargað úr húsarústunum á Haítí. Erfitt er að koma hjálpargöngnum á svæðið.

HAÍTÍ, AP Yfir sjötíu manns hefur verið bjargað úr húsarústunum á Haítí eftir jarðskjálftann sem gekk yfir landið á dögunum. Að sögn talsmanns Sameinuðu þjóðanna, Elisabeth Byrs, er hlutfall þeirra sem hefur verið bjargað hátt miðað við hefðbundna björgunaraðgerð á vegum samtakanna, jafnvel þótt fjöldinn sé ekki mikill miðað við alvarleika slyssins.

Að sögn Elisabeth er andinn góður á meðal hinna 1.739 björgunarstarfsmanna sem hafa leitað í rústunum undanfarna daga. Fólk

er ennþá á lífi í byggingunum sem hrundu en reiknað er með því að það geti lifað í sex daga við slíkar aðstæður og sá tími rennur einmitt út í dag.

Alls eru 43 björgunarlið á svæðinu með 161 hund og hátækniútlátt sér til aðstoðar við leitina og enn fleira fólk er væntanlegt til aðstoðar.

Björgunarstarfsmenn hafa kvartað yfir því hversu erfitt hefur verið að koma hjálpargöngnum í gegnum flugvöllinn í höfuðborginni Port-Au-Prince, sem

er bæði lítil og illa farinn. Til að mynda var samtökunum Læknar án landamæra meinað um leyfi til að lenda á vellinum. Þess í stað þurftu þau að lenda í Dóminíska lýðveldinu og tafdist uppsetning sjúkramiðstöðvar á þeirra vegum því um einn sólahring.

Ekki er vitað hversu margir hafa farist í jarðskjálftanum. Tuttugu þúsund lík hafa þegar fundist í landinu. Heilbrigðissamtökin Pan American telja að á bilinu 50 til 100 þúsund manns hafi dáðið.

freyr@frettabladid.is

Íslenska alþjóðasveitin send að borginni Léogane við upptök stóra skjálftans:

Leita þar sem heyrir úr rústunum

HAÍTÍ „Við notum mikið heimafolk til að segja okkur hvar fólk var inni þegar jarðskjálftinn reid yfir. Ef ekki eru nein skilaboð um að fólk hafi verið inni í húsum þá leitum við ekki þar,“ segir Gísli Rafn Ólafsson, stjórnandi hjá íslensku alþjóðasveitinni á Haítí.

Íslenska sveitin flutti sig í gær til borgarinnar Léogane sem er um sjötíu kílómetra suðvestur af höfuðborginni Port-au-Prince og við upptök stóra jarðskjálftans á Haítí. Með Íslendingunum voru sveit frá Bretlandi og sveit frá Katar. Sveitirnar, alls um 100 manns, komu sér upp búðum á svæði friðargæsluliðs frá Srí Lanka og voru þar í nótt.

„Ástandið þarna er mjög slæmt. Stór hluti húsanna er hrunun að



HAÍTÍ Íslenskir björgunarsveitarmenn að störfum á Haítí.

MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG.

öllu eða einhverju leyti,“ lýsir Gísli stöðunni eftir að hann flaug í gærmorgun í þyrllu yfir Léogane. „Margt fólk hefur sjálft komið sér upp eins konar búðum og notar þá

dúka eða annað til að verja sig fyrir sólinni.“

Íbúar Léogane höfðu vitanlega sjálfir þegar bjargað mörgum sem voru fastir og hjálparlausir. „En við ætlum að tryggja það að það sé búið að fullleita í þessari borg seinni partinn á morgun [í dag]. Við leitum einna helst á stöðum þar sem enn heyrir í fólk innar úr rústunum,“ útskýrir Gísli sem kveður stöðuna verða endurmetna að þessu verki loknu. „Á meðan það eru verkefni eru menn hér mjög áhugasamir um að leita.“

Gísli segir alla á Haítí hafa orðið fyrir skakkaföllum. „Fólk hefur annaðhvort misst nákomna eða fjarskylda ættingja og vini. Það er stór vinna fram undan fyrir Haítí að byggja sig upp aftur.“

- gar

Viltu ábyrgari fjármálþjónustu?

Eignastýring og séreignarsparnaður fyrir hugsandi fólk

Opinn kynningarfundur þriðjudaginn 19. janúar kl. 17:15 að Borgartúni 29.

Allir velkomnir



PRISA

HEILSUKODDAR

30-70%

AFSLÁTTUR!



HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
5.915 kr.

SÆNGURFÖT
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
4.830 kr.

SVEFNSÓFAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
104.860 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
**35%
AFSLÁTTUR**
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hlidsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.

rekkjan

Flokksráðsfundur VG ályktar meðal annars um þjóðaratkvæðagreiðslur:

Minnir á ólýðræðislegar hefðir

STJÓRN MÁL Tryggja þarf að stjórn sem kennir sig við velferð stýri landinu áfram til að veita upp á móti frjálshyggju síðustu ára, segir í ályktun flokksráðs VG frá því á laugardag. Stjórn VG og Samfylkingar hafi þegar náð miklum árangri.

Flokkurinn þurfi á öllu sínu þreki og samstöðu að halda í baráttu fyrir réttlátara samfélagi.

Það að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu er sagt brýnt framfaramál til að „ryðja burt þeim ólýðræðislegu hefðum sem fyrri ríkisstjórnir hafa fest í sessi,“ segir í ályktuninni, en ekki er minnst á Icesave berum orðum. Þá er andstaða flokksins við aðild að ESB ítrekuð, án þess að tekin sé afstaða til gjalddeyrismála.

Meðal tillagna fundarins

er að blaðamönnum verði tryggð „uppsagnarvernd“, að Míla, grunnet Símans, komist í ríkiseigu og öll stærri orkufyrirtæki verði í almannaeigu. Þá skal hefja undirbúning til að tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðlindum til lands og sjávar. Þeim verði ekki fórnad í kreppunni.

Flokksráðið fordæmir einkavæðingu í heilbrigðisrekstri og er á móti fyrirhugaðri endurskipulagningu innan stjórnarráðsins, verði hún á kostnað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

- kóp

STEINGRÍMUR JÓHANN SIGFÚSSON

Flokksráðsfundur VG ályktaði um fjölda málefna um helgina, meðal annars um sparissjóði, votlendi og farfugla. Flokkurinn vill sem fyrr standa utan hernaðarbandalaga. FRÉTTABLAÐIÐ/



Nýleg tækni byltir fuglarannsóknnum

Örsmátt tæki, svokallaður ljósriti, gefur nýjar upplýsingar um lífshætti fugla. Ævar Petersen fuglafræðingur segir um byltingu að ræða. Hérlandis hefur tæknin þegar verið nýtt í rannsóknum á nokkrum tegundum fugla.

NÁTTÚRUFRAEÐI Notkun ljósrita, sem er örsmátt mælitæki sem skráir ferðir dýra, hefur bylt upplýsingaöflun um lífshætti fugla. Íslenskir vísindamenn nýta þessa tækni nú þegar til rannsókna á nokkrum tegundum íslenskra fugla.

Ævar Petersen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ), segir að hefðbundnar merkingar hafi hingað til ekki gefið nægilega góðar upplýsingar um lífshætti fugla sem halda sig langt úti á sjó. „Þessi tækni er því algjör bylting og við munum sjá það á næstu árum að mikið af áhuga-verðum upplýsingum um fjölda fuglategunda mun líta dagsins ljós.“

Ævar tekur þátt í fjölþjóðlegri rannsókn á farhátum kríu þar sem þessari tækni er beitt. Með niðurstöðum hennar verður kaflinn um kríuna í skólabókum heimsins endurskrifaður. Þessi smá fugl reynist vera víðförlur en nokkurn grunaði en hann flýgur um sjötíu þúsund kílómetra í árlegum ferðum sínum á milli póla, eins og Fréttablaðið fjallaði um á fimmtudag.

Sérfræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum hafa sett ljósrita (tækið er einnig kallað gagnariti) á skrofur í samstarfi við spænska kollega sína, en niðurstöður úr þeirri rannsókn eru væntanlegar. Hafa þeir meðal annars komist að því að skrofurar flugu beint suður til Patagóníu í Suður-Argentínu, en krian kemur þar við á lífríku hafsvæði á pólflugi sínu. „Þær upplýsingar voru allt aðrir en við höfðum um



LÓMUR MEÐ UNGA Rannsóknir á þessum glæsilega fugli gefa vísbendingar um hvernig lífsháttum sjófugla er farið á vetrarstöðvum þeirra.

MYND/ÆVAR PETERSEN



ÆVAR PETERSEN

skrofuna fyrir þann tíma.“

Ævar segir að ljósriti hafi einnig verið settur á þrjátíu lóma austur á Mýrum. „Við erum búnir að fá sjö fugla til baka og vonumst eftir að fá

fleiri í sumar. Þessir sjö hafa sagt okkur að lómarnir halda sig aðallega á sundin á milli Grænlands og Íslands yfir vetrartímam. Þó var mjög áhugavert að í fyrri

náðum við merktu varppari; annar fuglinn hélt sig út af Snæfellsnesi um veturinn en hinn við suður-odda Grænlands. Þetta gefur eitt svar við gamalli spurningu um hegðun fugla að vetrarlagi sem para sig ár eftir ár á varpstöðvum, eins og reyndar flestir sjófuglar gera.“

Íslenskar hrafnSENDUR, sem er fágæt tegund hér á landi, voru merktar í fyrrasumar norður í Aðaldal. Vonast er til að í ljós komi hvar vetrarstöðvar þeirra eru, og hvaða leið þær velja á farflugi sínu, segir Ævar.

svavar@frettabladid.is

50% afsláttur fyrir Ringjara. Við sendum tilboð beint í símann.

Ringjarar fara inn á ring.is og óska eftir að fá MMS með tilboðum send í símann.

Tilboð dagsins:

Gott 1

50% afsláttur

Lítill pizza m. 2 áleggsteg.

Gildir í dag mánudag

Domino's



50% afsláttur af lítilli pizzu með 2 áleggstegundum.

MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út

Ringjarar geta sent SMS með textanum dominos í 1905 til að fá MMS miða

Tilboð dagsins:

Gott 2

50% afsláttur

af máltíð fyrir einn

Gildir í dag mánudag

Serrano



50% afsláttur af matseðli. Gos er ekki innifalið í tilboði.

MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út

Ringjarar geta sent SMS með textanum serrano í 1905 til að fá MMS miða

Hjartastopp – PAD hjartastartari

Fljótvirkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Seðlabanki skilar methagnaði: Berskjaldaðri nú en fyrir kreppu

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Bandaríkjanna hagnaðist um 52,1 milljarð dala, jafnvirði um 6.500 milljarða króna, á nýliðnu ári. Þetta er methagnaður í sögu bankans.

Afkoman skýrist að mestu af vaxtagreiðslum og afborgun fyrirtækja af skuldabréfum sem bankinn keypti af fyrirtækjum í lausafjáranda í kreppunni.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal slær varnagla við aðgerðum bankans enda hafi hann aukið mjög peningamagn í umferð vegna kaupanna, sem bæði veikti gengi Bandaríkjadalsins gagnvart gjaldmiðlum heimsins og hefur hægt á aðlögun efnahagslífsins. Þá sé bankinn berskjaldaður fyrir sveiflum á virði skuldabréfa í eigu hans, sem megi ekki hreyfast mikið til að skekkja eiginfjárstöðu bankans.

- jab



Landsins mesta úrval tölvunámskeiða



Skrifstofuskólinn



- Skrifstofunám
- Tölvu og bókhaldsnám
- Bókhald grunnur
- Bókhald frh.
- Navision fjárhagsbókhald
- Tollskýrslugerð



Vefur, grafík og myndvinnsla

- Grafísk hönnun
- Vefsíðugerð grunnur
- Vefsíðugerð frh.
- Dreamweaver
- Dreamweaver frh
- Flash
- Illustrator
- InDesign
- Photoshop
- Photoshop ljósmyndun
- Stafrænar myndavélar og Picasa
- Einföld myndbandavinnsla



Almenn námskeið



- Tölvu og byrjandinn
- Almennt tölvunám
- ECDL tölvunám
- Word 1 og 2
- Excel
- Excel í stjórnun og skipulagi
- PowerPoint
- Outlook póstur dagbók og skipulag



Eldri borgarar 60+

- Byrjendur 60+
- Framhald 60+
- Stafrænar myndavélar og tölvu 60+



Sérfræðinám

- CISCO- CCNA
- Kerfisfræði MCITP & Windows 2008 R2
- MS SQL 2008
- MS Office Sharepoint 2007
- Exchange Server 2010
- Windows 7 þekkingaruppfærsla
- MCTS Active Directory
- Power Shell
- MCDST
- Tölvuviðgerðir – CompTIA A+



Fjarkennsla í beinni



Nemendur tengjast beint inn í kennslustofu heiman frá sér á einfaldan hátt.

Allt sem þarf er tölva og sæmileg nettenging, heyrnartól með hljóðnema og þú ert komin/n á námskeið sem fullgildur staðarnemi. Nemendur sjá og heyra allt sem fram fer í kennslustofunni og geta tekið beinan þátt í umræðum og með fyrirspurnum sem svarað er strax.

Sl. önn vorum við með nemendur í „beinni“ á ýmsum námsbrautum m.a. frá Danmörku, Hellissandi, Ólafsvík, Bíldudal, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Árskógssandi, Vík, Vestmannaeyjum og Sandgerði. Sjá nánari upplýsingar og umsagnir nemenda á heimasíðu skólans www.tsk.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

FRÉTTASKÝRING: Breytingar á skattlagningu hlutafélaga

Misjafnt hvaða rekstrarform hentar

Hagstæðara getur verið fyrir fólk sem stofnað hefur lítil einkahlutafélög um rekstur sinn að skipta um félagafarm eftir að nýjar reglur um skattlagningu arðs úr einkahlutafélögum tóku gildi um áramót. Breytt félagafarm getur þó þýtt að eigendur félagsins þurfi að bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins. Fremur auðvelt er að komast hjá þeirri ábyrgð.

Sprenging varð í stofnun samlags- og sameignarfélaga í lok síðasta árs og það sem af er ári. Má tengja það beint breytingum á lögum um skattgreiðslur af hagnaði hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Breytingarnar gera það af verkum að sé greiddur arður úr einkahlutafélagi eða hlutafélagi sem fer yfir 20 prósent af skattalegu eigin fé þarf að greiða tekjuskatt af helmingi upphæðarinnar sem greiddur er umfram 20 prósentin. Áður var eingöngu greiddur fjármagnstekjuskattur af öllum hagnaði sem tekinn var út úr slíkum félögum í formi arðs.

Skattlagningu samlags- og sameignarfélaga var ekki breytt. Þar er greiddur hærri skattur á hagnað, 32,7 prósent í stað 18 prósent á hagnað hlutafélaga og einkahlutafélaga. Á móti kemur að öll skattlagningin fer fram innan félagsins, og ekki er lagður skattur á hagnað sem tekinn er út úr félaginu.

Með breytingunum er gerður skýrari greinarmunur á því hvaða félagafarm hentar til ólíkrar starfsemi, segir Andri Gunnarsson, lögfræðingur hjá endurskoðunar- fyrirtækinu Deloitte.

Þannig sé rekstur sem kalli á að mikill hluti framlegðar sé nýttur í fjárfestingar og endurnýjun tækja betur settur í hlutafélagi þar sem skatthlutfallið sé lægra. Fjárfestingarstarfsemi þar sem meginhluti tekna sé arður og söluhagnaður hlutabréfa verði áfram hagstæðara að hafa í hlutafélögum vegna sérstakra reglna sem um slíkar tekjur gildi.



BREYTA TIL Sprenging varð í stofnun einkahlutafélaga eftir lagabreytingu fyrir nokkrum árum, en nú virðast margir sem stofnað hafa slík félög utan um eigin rekstur vera að færa sig yfir í annars konar rekstrarform.

Það mun væntanlega leiða til þess að þeir sem geta lifað á fjárfestingarstarfsemi í gegnum eignarhaldsfélög munu borga hærri skatta, og hluti þeirra mun eftir breytinguna renna til sveitarfélaganna í formi útsvars.

Einyrkjar og smærri fyrirtæki geta hins vegar verið betur sett í samlags- eða sameignarfélagi þar sem reglur á úttekjum til eigenda leiða ekki til hærri skattgreiðslna, segir Andri.

Mest áhrif á lítil einkahlutafélög

Breytingarnar hafa einkum áhrif á lítil félög þar sem stór hluti hagnaðar er tekinn út úr félögum, og hlutafé er lágt. Það á til að mynda við um einkahlutafélög sem einyrkjar hafa stofnað um rekstur sinn.

Fyrir breytingarnar gátu til dæmis sjálfstætt starfandi læknar, iðnaðarmenn eða aðrir verið með starfsemi sína í einkahlutafélagi. Félagið þurfti að greiða eigandanum eðlileg laun, svokallað

reiknað endurgjald, sem er mismunandi eftir starfsgreinum.

Tekjur félagsins umfram þau útgjöld, og önnur útgjöld sem til urðu í rekstri þess, mátti svo taka út sem arð eftir að 18 prósent skattur hafði verið greiddur af þessum hagnaði. Af arðgreiðslu um þurfti að greiða tíu prósent fjármagnstekjuskatt, svo heildarskattgreiðsla nam 26,2 prósentum. Allur sá skattur rann til ríkisins, og gagnrýndu forsvarsmenn sveitarfélaga harðlega að fá ekki útsvarsgreiðslur af þessum skattgreiðslum.

Eftir breytinguna þurfa einkahlutafélögin enn að greiða eigandanum laun, sé hann starfsmaður félagsins. Sé tekinn út hagnaður sem er umfram 20 prósent af skattalegu eigin fé greiðir eigandinn skatt af helmingnum eins og með gamla kerfinu, en hefðbundinn tekjuskatt af hinum helmingnum. Þar sem eigið fé hlutafélags þarf ekki að vera meira en 500 þúsund krónur við stofnun

félagsins þarf hagnaður ekki að vera mikill til að þessi regla eigi við hjá litlum einkahlutafélögum með eigið fé í lágmarki.

Þetta þýðir að í stað þess að greiða 18 prósent skatt þurfa fyrirtækin að greiða eftir atvikum 32,72 prósent, 41,12 prósent eða 46,12 prósent skatt af hluta tekna, skrifar Ásmundur G. Vilhjálmsson lögmaður í pistli í síðasta tölublaði Viðskiptablaðsins. Heildarskattur af hagnaðinum geti því hækkað úr 32,7 prósentum í allt að 55,82 prósent eftir því í hvaða skattþrepi tekjurnar lenda.

„Fyrir þessa breytingu var skattur af hagnaði hlutafélaga hvað lægstur hér á landi. Með þessum breytingum verður hann hvað hæstur,“ skrifar Ásmundur.

Margir skipta um rekstrarform

Vegna þessara breytinga hefur talsverðum fjölda lítilla einkahlutafélaga verið breytt í samlags- eða sameignafélög. Þau þykja þó ekki henta fyrir alla starfsemi.

Eitt af því sem miklu munar um er sú ábyrgð sem eigandi félagsins ber á rekstri þess.

Eigandi eða eigendur hlutafélags eða einkahlutafélags bera takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins. Þeir geta í versta falli tapað því hlutafé sem þeir hafa lagt í félagið, fari illa.

Eigendur samlags- eða sameignarfélags eru hins vegar persónulega ábyrgir fyrir öllum skuldum félagsins, þótt útfærslumunur sé á ábyrgðinni milli samlagsfélaga annars vegar og sameignarfélags hins vegar. Það þýðir að fari félagið í þrot geta kröfuhafar þess gengið að eignum eigenda, til dæmis sparnaði, húsi, bíl eða öðrum eignum sem til er að dreifa.

Ábyrgðin lendir hjá hlutafélaginu

Vala Valtýsdóttir, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, bendir á að auðvelt sé að komast hjá því að slík persónuleg ábyrgð lendi á eigendum félagsins.

Tvo þarf til að stofna samlagsfélag, og þarf annar þeirra að bera fulla ábyrgð á rekstri félagsins, en aðrir bera takmarkaða ábyrgð.

Vala segir að einn eigenda samlagsfélags geti verið einkahlutafélag. Þannig geti maður stofnað einkahlutafélag, og svo í félagi við það félag stofnað samlagsfélag, og látið ábyrgðina á herðar einkahlutafélaginu. Þar með er ábyrgð hans takmörkuð við hlutafé í félögum tveimur og ekki hægt að ganga að honum persónulega.

Vala telur augljóst að með breytingu á skattalögum hafi ekki verið ætlað að koma smærri fyrirtækjum yfir í form þar sem eigendur beri meiri ábyrgð. Yfirlýstur tilgangur með breytingunni hafi verið að skattleggja hluta af arði einkahlutafélaga með lágt eigið fé eins og launatekjur.

Svo virðist sem löggjafinn hafi ekki áttað sig á því að hægt væri að sleppa undan auknum álögum með því að breyta formi félagsins í sameignarfélag eða samlagsfélag, segir Vala.



FRÉTTASKÝRING
BRIANN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is



Húsfélagþjónusta

Þú *sparar* þér tíma og *fyrirhöfn*

- Ekkert mánaðargjald
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Einföld innheimta
- Félagatal og greiðslustaða
- Öflugur netbanki
- Þinn þjónusturáðgjafi

Nánar á arionbanki.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á husfelag@arionbanki.is – hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibú. Starfsfólk bankans tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.



MIKILL MUNUR Á REKSTRARFORMUM FYRIRTÆKJA

	Einstaklingsrekstur	Hlutafélag	Einkahlutafélag	Sameignarfélag	Samlagsfélag
Eigendur	Rekstur í eigin nafni	Tveir eða fleiri	Einn eða fleiri	Tveir eða fleiri	
Ábyrgð	Bein og ótakmörkuð	Takmarkast við hlutafé		Bein, óskipt og ótakmörkuð	Að minnsta kosti einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð og aðrir takmarkaða
Kostnaður við skráningu	66.500 krónur ef skráð í firmaskrá	256.000 krónur	130.500 krónur	89.000 krónur	
Lágmarkshlutafé eða stofnfé	Nei	4.000.000 krónur	500.000 krónur	Nei	Nei
Tekjuskattur (almennt)	37,2 til 46,1 prósent eftir tekjum	18 prósent		32,7 prósent	
Formreglur	Mjög einfaldar	Ítarlegar	Ítarlegar (þó einfaldari en hf)	Einfaldar	
Ákvörðunartaka	Einföld, eigandi ræður	Samkvæmt lögum, hluthafafundur		Allir þurfa að samþykkja nema um annað sé samið	Fer eftir samþykktum félagsins
Opinberir reikningar	Nei	Já			
Sérstakar reglur um fjárfestingartekjur (arður og söluhagnaði hlutabréfa)	Nei, skattlagðar eins og aðrar tekjur	Já, móttekinn arður og söluhagnaður hlutabréfa almennt ekki skattlagður.		Móttekinn arður er skattlagður í 18 prósent en söluhagnaður í 32,7 prósent	
Útgreiðsla til einstaklinga (almennt)	Skattfrjáls	18 prósent skattur		Skattfrjáls	
Önnur ákvæði sem geta haft áhrif á skattlagningu eiganda	Reglur um reiknað endurgjald*	Reglur um reiknað endurgjald.* Óheimil lán og arður til hluthafa skattleggst sem launatekjur eiganda. Helmingur útbogaðs arðs umfram 20 prósent af skattalegu eigin fé félags skattleggst sem launatekjur.		Reglur um reiknað endurgjald*	

*Reglur um reiknað endurgjald skylda eigendur til að borga sér markaðslaun ef þeir vinna hjá fyrirtækinu svo þeir geti ekki eingöngu greitt sjálfum sér arð með hagstæðara skatthlutfalli.

HEIMILD: VEFUR RÍKISSKATTSTJÓRA OG DELOITTE

Útsölu lok

Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem í boði eru.



Gorenje eyjuháfur

90 cm

KD830 EINSEL

Lýsing: 2x40 W. Afkastageta: 650 m³/klst. Afstillingar: 3.
Verð áður: 218.842

Útsöluverð **70%** 65.900



Fagor spanhelluborð

60 cm

5IFT40S

Snertitakkar. Barnalæsing. Heildarafl 7,1 kW.
„Power booster“ á tveimur hellum. Tímastilling.
Verð fyrir: 169.900

Útsöluverð **20%** 135.920



60 cm

Fagor útdraganleg vífta

3CC239EX

Stál. Afkastageta: 590 m³/klst. Afstillingar: 3.
Lýsing: 2x40 W.
Verð: 29.900

Útsöluverð **57%** 12.900



A Orkunýtni

A Þvottahæfni

A Þurrkun

Fagor uppvottavél

LJF-0310

Hvít. 5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52 dB(A).
Verð fyrir: 111.647

Útsöluverð **15%** 94.900



Gorenje Ora Ito blástursofn

BO71-ORA-W

Köld hurð. Aqua Clean hreinsibúnaður. 60 l.
Heitur blástur. Undir- og yfirhiti.
Verð fyrir: 164.210

Útsöluverð **30%** 114.900



Gorenje gashelluborð

GCS330C

2 Hellur. Heildarafl – gas: 4 kW. Flæðiöryggi.
Pott stálgrindur.
Verð fyrir: 99.895

Útsöluverð **50%** 49.900



Fagor pottaset

978010194

8 Pottar.
Verð áður: 54.900

Útsöluverð **27%** 39.900

PIPARTEIÐVA • SÍA • 100160



Skútuvogi 1 | Sími 562 4011 | www.ronning.is

RÖNNING

skoðun

greinar@frettabladid.is

Megum ekki bogna í Icesave-viðræðum.

Aðeins íslenskir hagsmunir og réttur

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Við eigum ekki að beygja okkur fyrir Bretum eða Hollendingum. Og síst af öllum hefjum við viðræður um aðild að Evrópusambandinu með undanhaldi eða uppgjöf.

Icesave-málið snýst ekki um lagalegar skuldbindingar eða fyrirfram samþykktá ríkisábyrgð. En ríkisstjórn Geirs H. Haarde tók þá skynsamlegu og ábyrgu ákvörðun að leita pólitískrar niðurstöðu með samningum, meðal annars til að fá frið um neyðarlögin og tryggja almenna hagsmuni þjóðarinnar og endurreisn.

Nú eru einhverjar horfur á því að samkomulag takist um nýja meðferð málsins með samkomulagi ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu. Ef það getur orðið verða menn að láta af störyrðum og ásökunum um þjónkun við útlendinga sem allt of mjög hafa mótað umræðurnar að undanförmu.

Reyndar eiga menn ekki að óttast lýðræðislega ákvörðun almennings í þjóðaratkvæði. Almennigur hefur allt það sem þarf: brjóstvit, eðlislæga tortryggni, raunsæi og hyggindi. En kjósendum verða ekki sett nein skilyrði. Sumir munu vafalaust kjósa gegn Icesave-lögunum til þess að koma ríkisstjórninni í vanda og helst hreka hana frá. Aðrir munu gjalda neikvæði vegna þess að þeir vilja ekkert borga yfirleitt og trúa blint og af þrákelkni að þjóðin verði laus allra mála með höfnun í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Það verður að ítreka að íslenska þjóðfélagið og Íslendingar munu standa áraunina þótt engir samningar verði um eitt eða neitt í Icesave-málinu. Öll utanríkisviðskipti okkar verða þá við staðgreiðslu og þjóðin tekur aftur upp gamla gjaldeyriskerfið með skömmtunum og pólitískum ákvörðunum um gengi, vexti og peningamagn. Hagþróun mun snúast við um nokkurt árabíl. En við getum þetta.

Ef samkomulag verður um nýja meðferð málsins, verður ríkisstjórn Íslands að biðja um nýja samningalotu við viðsemjendur okkar. Sama verður uppi ef lögunum er synjað í þjóðaratkvæði. Þá verða Íslendingar að skipa nýja samninganefnd sem nýtur trausts allra stjórn málaafllanna. Vonandi verða hugsjónaglöðustu þingmenn Vinstri grænna þá hafðir með í ráðum frá byrjun til þess að ekki verði enn og aftur allt bandvitlaust á þingi þegar ljúka skal málinu.

Bretar hugsa um breska hagsmuni. Hollendingar hugsa um hollenska hagsmuni. Við eigum aðeins að hugsa um íslenska hagsmuni og réttindi okkar. Það eru brýnir hagsmunir okkar að geta snúið okkur af alefli að endurreisninni. Það er brýnt að friður verði um neyðarlögin. Það eru brýnir þjóðarhagsmunir Íslendinga að við njótum trausts í viðskiptum við aðrar þjóðir. Það er mikilvægt fyrir okkur að sameiginlegt viðskiptaumhverfi þróist áfram í Evrópu. Vinsamleg og víðtæk samskipti og viðskipti við Breta og Hollendinga er líka mikilvægt íslenskt hagsmunamál.

Allir Íslendingar vilja auðvitað hagfeldustu ákvæði um fjárhæð, gengisviðmið, vexti, tímasetningar og allt annað. En allir hljóta að sjá að mikil áhætta er tekin með því að biðja um nýja samningalotu. Bretar og Hollendingar hafa mjög sterka aðstöðu og þeim liggur ekkert á. Ekkert má til spara að ný samningalota leiði til góðs árangurs fyrir Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnisbldsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MILLJÓNIR BEINT Í VASANN



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Áhrif

Flokksráð VG fundaði á Akureyri um helgina og fór yfir pólitíska sviðið. Ályktað var um heima og geima, til dæmis gegn sameiningu ráðuneyta og um 365 miðla. Ljóst er að flokksráðið, sem í sitja kjörnir fulltrúar VG og aðrir helstu valdamenn flokksins, telur að VG hafi nokkur pólitísk áhrif og fái jafnvel einhverju ráðið um hvað ríkisstjórnin gerir. „Í tíð ríkisstjórnarinnar hafa ýmis framfarir náð fram að ganga sem ekki hefði orðið án þátttöku Vinstrireyfingarinnar – græns framboðs í ríkisstjórn og því ber að að fagna,“ segir í ályktun.



Áhrif

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi hefur býsna mikil áhrif og er að gera LIÚ-forystuna gráhæða. Síðast í gær var andúð á verkum ráðherrans lýst. Var það í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þar sem strandveiðar voru til umfjöllunar. „Óvitaskapur“ var einkunnin sem framkvæmdastjóri útvegmanna gaf verkum Jóns.

Áhrif

Morgunblaðið hefur í tvígang sett fram þá merku stjórn mála-skýringu að forsetinn hafi ákveðið að staðfesta



ekki Icesave-lögin af því að hann var hafður að háði og spotti í Áramótaskaupinu. Sú skýring verður ekki véfengd hér enda skemmtileg. Fram til þessa hefur fyrst og fremst verið litið á Skaupið sem skemmtipátt en pólitískt gildi þess ekki talið mikið.

Í það minnsta hefur það ekki fyrr verið talið hafa ráðið úrslitum í stórpólitískum málum. Þetta hefur samsé breyst. Leikstjóri Skaupsins er orðinn með áhrifamestu stöðum samfélagsins og spurning hvort ekki sé rétt að þjóðin fái að kjósa um þá stöðu að undangenginni kosninga-baráttu með tilheyrandi loforðum um áherslur og efnistöð.

bjorn@frettabladid.is

Góð ráð dýr

Þegar horft er til þess tíma sem liðinn er frá hrúni bankanna má sjá bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Hvað hið fyrra varðar, má segja að staðan nú sé skárri en hún hefði auðveldlega getað orðið. Samdráttur efnahagskerfisins hefur verið minni en spáð var, hluti bankakerfisins er þegar kominn úr beinni ríkiseign og gróska er í nýsköpunarstarfi. Hvað neikvæðu hliðina varðar stendur upp úr það mikla sundurlyndi, hnútuast og skotgrafahernaður sem hefur gegnsýrt umræðu frá októbermánuði árið 2008 og komið í veg fyrir hraðari og þróttmeiri endurreisn hagkerfisins.

Það er eðli stjórn mála að setjast á rökstóla og skiptast á skoðunum um þær mikilvægu ákvarðanir sem ráðamönnum þjóðarinnar er ætlað að taka. Samhliða því eiga almennig og stofnanir samfélagsins að leggja lóð sín á vogarskálarnir með þátttöku í umræðu líðandi stundar. Eðlilegt er að ekki séu allir sammála. Aftur á móti þá er engum til gagns að sóa tíma í tilgangslitla orðræðu sem að mestu gengur út á að rægja þær lausnir sem lagðar eru fram án þess að sýnt sé fram á betri kosti.

Það er því miður að slík orðræða hefur einkennt pólitíska umræðu og virðast stjórn mála-menn um of fastir í hjólförum pólitískrar fortíðar sem erfitt virðist að sveigja frá. Í stað uppbyggilegrar og lausnarsinnar umræðu hefur verðmætum tíma og orku verið sóað í pólitískt þras og sjálfhverfa umræðu. Þetta á reyndar við um fleiri, því svo virðist sem fæstum sé leyfilegt að koma með tillögur til



FINNUR ODDSSON

Í DAG | Þjóðfélagsumræða

úrboða, framfara og endurreisnar án þess að hugmyndirnar séu ræðar á miður málefnalegan hátt. Sjaldnast er lagt til atlögu við hugmyndirnar sjálfar heldur er í æ ríkari mæli lagt upp með að tortryggja flutningsmenn (eða stofnanir) þeirra. Þannig er sneitt framhjá málefnalegri rökræðu um gildi viðkomandi tillagna.

Ljóst má vera að slíkt eðli þjóðfélagsumræðu dregur verulega úr vilja fólks til þátttöku. Ef persónulegar árásir og ómálefnalegar mótbarar eru óumflýjanlegar fylgiferur þess að leggja fram tillögur að lausnum eða gagnrýni á fyrirliggjandi aðgerðir gæti fólk farið að líta svo á að góð ráð séu þeim einfaldlega of dýr. Fáir kæra sig um þátttöku í slíku leikriti. Þannig er hætt við því að Íslendingar verði fangar fortíðar sinnar, þar sem meira skiptir hvaðan hugmyndir koma en hversu góðar þær eru. Þetta er skaðleg þróun enda sjá augu betur en auga og fámenn þjóð líkt og Ísland má illa við að fækka enn frekar í þeim hópi sem getur lagt lóð sín á vogarskálarnar uppbyggingar. Aukinn sáttatónn á öllum sviðum samfélagsins er því grundvallarþáttur í efnahags- og samfélagslegri uppbyggingu landsins. Neikvæðni, hefnigirni, rætni og niðurrifsstarfsemi mun

aftur á móti leiða til áframhaldandi efnahagslegrar hnignunar samhliða enn frekari samfélagslegri sundrung.

Með þessum orðum er ekki átt við að ábyrgðarmenn þeirra ófara sem dunið hafa yfir landið eigi ekki að standa skil á verkum sínum. Þeim málum hefur verið komið í farveg sem vonandi skilar sanngjarnri niðurstöðu og almennri samfélagslegri sátt. Þangað til sú niðurstaða liggur fyrir er aftur á móti nauðsynlegt að verðmætum tíma og orku sé varið til uppbyggilegra verka.

Við stöndum á slíkum tímamótum að nú verða hagsmunir heildarinnar að ráða för. Minna verður til skiptanna og ekki verður komist hjá almennri lífskjara-skerðingu. Umræðan þarf því fyrst og fremst að snúast um hvernig hægt sé að lágmarka fyrirsjáanlegan skaða og ekki eiga að gilda önnur þátttökuskilyrði í endurreisn íslenska hagkerfisins en vilji til góðra verka. Málefnalegur ágreiningur er eðlilegur en svo fremi sem virk og upplýst skoðanaskipti eiga sér stað er líklegt að skynsamleg niðurstaða náist í erfiðum málum. Viðskiptaráð mun halda áfram að leggja sín lóð á vogarskálarnar með lausnarsinnar umræðu um framtíð íslensks atvinnulífs. Nú eru góð ráð dýr og því nauðsynlegt að enginn láti sitt eftir liggja í endurreisn hagkerfisins. Viðtækt samráð við hagsmunahópa og almenning, uppbyggilegt samstarf stjórn málaaflokka, áhersla á heildarhagsmuni og málefnaleg umræða eru vörður sem ætti að fylgja á þeirri vegferð.

Höfundur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Hver er einn í heiminum?

UMRÆÐAN

Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifar um baráttumál stúdenta

Á sama tíma og íslenskir stúdentar naga blýanta eftir verðskuldað jólafrí, hristir hinn tuttugu og fjögurra ára gamli Majid Tavakoli í fangelsi einhvers staðar í Íran. Það veit enginn hvar Majid er haldið. Hið eina sem er talið fullvíst er að síðan hann var fangelsaður fyrir rúmum mánuði síðan, hefur hann þurft að þola yfirheyrslur, barsmíðar og pyntingar sem fæst okkar geta gert sér í hugar. Um hvað hefur Majid gerst sekur? Jú – Majid er stúdent sem hélt ræðu á friðsamlegum mótællum háskólanema 7. desember síðastliðinn. Og hann er ekki einn. Á síðustu vikum hafa yfir 80 háskólanemar verið handteknir í Íran. En það er ekki bara í Íran sem stúdentar hafa þurft að þola ofbeldi og kúgun en sem dæmi má nefna að í ágúst síðastliðnum var fjórum stúdentum varpað í fangelsi í Simbabwe fyrir að ávarpa samnemendur sína og í Hvíta-Rússlandi eru hörð viðurlög við því að taka þátt í réttindabaráttu stúdenta.

Málfrelsi er ekki sjálfsgert, mannréttindi eru ekki sjálfsgöð, rétturinn til náms er ekki sjálfsgöð. Það



BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

eru alltaf einhverjir sem hafa barist fyrir þeim réttindum sem við teljum sjálfsgöð í dag.

Stúdentar hafa ætíð verið í fararbroddi þjóðfélagslegra breytinga og eru fjölmörg dæmi úr manngynssögunni því til stuðnings. Eftir þægindi undanfarinna ára er svo komið að nú eru einstakar aðstæður í íslensku samfélagi, sem og heiminum öllum. Aðstæður sem við getum ekki hundsáð.

Röskva hefur ætíð haldið því á lofti að málefni sem snerta stúdenta takmarkast ekki við vegg skólans. Við erum öll stúdentar og við erum öll samfélagsþegnar. Nú, sem aldrei fyrr, þurfa stúdentar að standa saman. Stúdentaráð getur ekki lengur skorast undan þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera stærsti málsvari stúdenta á Íslandi. Ef Stúdentaráð stendur ekki grimmilega vörðinn á öllum vígstöðvum er það máttlaust – þegar kemur að litlum málum sem stórum.

Alvöru réttindabaráttu krefst þess að sjá heildarmyndina. Fyrri kynslóðir börðust fyrir okkar hönd, nú er það ábyrgð okkar allra að halda þeirri baráttu lifandi. Stúdentapólitík snýst ekki bara um bílastæði og innstungur, heldur heildarleika, jafnrétti og virðingu. Við erum öll Majid.

Höfundur er oddviti Röskvu.

Synjunarvald og átakastjórnsmál

STJÓRNSKIPAN

Synjunarvald forseta

Enn hefur synjunarvald forseta samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar komizt til umræðu og eftir síðustu synjun hafa raddir orðið háværar um að þessi skipan mála sé óheppileg og eðli embættisins hafi breytzt. – Þrjú atriði hafa sérstaklega verið tilgreind: Að forseti gangi gegn þingræði, að ekki sé heppilegt að einum manni sé falið slíkt vald og stefnt sé að pólitísku forsetaræði.

Fullt er að forseti gangi gegn þingræðinu (orðanotkun er óheppileg því að þingræði merkir að sérhver ríkisstjórn sitji á skjóli Alþingis og beri ábyrgð fyrir því – orðið þingstjórn væri betra), og hert á með ummælum um að hann hindri störf þingsins og lýsi jafnvel yfir stríði á hendur því og ríkisstjórn. Áður en slík orð falla þyrftu menn að gefa gaum 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Hlutur forseta birtist í því að hann staðfestir lög, sbr. 19. gr., gefur út bráðabirgðalög, sbr. 28. gr. og getur synjað lögum staðfestingar, sbr. 26. gr. Þá liggur beint við að spyrja hvort stjórnarskrárgjafinn hafi við setningu stjórnarskrárinnar 1944 hafnað „þingræðinu“ með þessari skipan mála og þjóðin samþykkt það með rúmlega 95% atkvæða.

Þá hefur því verið haldið fram að naumast sé það í samræmi við lýðræði að fela einum manni vald – jafnvel geðþóttavald – til að vísa málum til þjóðaratkvæðis og hann hafi þar frjálsar hendur. Vissulega hefur forseti þetta vald samkvæmt bókstaf laganna og engar skorður reistar við beitingu þess. Nú eru stjórnarskrár í rötgrónum lýðræðisríkjum almennt ekki margorðar. En að baki þeim standa ákveðnar óskráðar hefðir sem mótazt hafa í framkvæmd með ákveðin stjórnspekileg og siðferðileg gildi að leiðarljósi, svo sem lýðræði, valddreifingu og mannréttindi. Þess hlýtur því að mega vænta að til forsetaembættis veljist ekki aðrir en þeir sem haldi öll einungis túlkun ákvæðanna, heldur einnig pólitískt mat forseta á því hvenær synjunarvaldi skuli beitt þegar lagabókstaf sleppir. En í ljósi þess sem þegar er tekið fram má því ætla að forseti hafi, auk framangreindra gilda, hófssemi og málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi. Mat forseta birtist síðan í rökstuðningi hans og þar geta skoðanir verið skiptar.

Þá er í þriðja lagi bent á að embættið sé komið í hringiðu stjórnsmálanna ef forseti synji lögum staðfestingar og sjálf löggjafarsamkoman sé þá berskjölduð fyrir ákvörðunum, jafnvel geti forseti gert Alþingi óstarfhæft. Með því sé embættið orðið pólitískt, stefnan tekið á forsetaræði og stjórnskipan og stjórnskipunarhefðum raskað. Embættið sé þá orðið aflvaki sundrunar í stað sameiningar.

Nú er vandséð að það eitt að synja lögum staðfestingar og vísa

lögum til þjóðaratkvæðis stefni embættinu í hringiðu stjórnsmálanna. Ef forseti hins vegar



SIGURÐUR LÍNALD

tekur afstöðu til laganna, þannig að hann annaðhvort hvetji menn til að samþykkja eða synja, þá hefur embættið sögast inn í þá hringiðu og breytt um eðli. En hefur forseti tekið opinberlega afstöðu laganna, síðari Icesave-laganna (nr. 1/2010), sem nú stendur til að greiða atkvæði um? Þeir sem

kynnu að halda því fram verða að styðja mál sitt skýrum rökum.

Ef synjunarákvæðið er túlkad á grundvelli bókstafstrúar og í anda átakastjórnsmála er ekki hægt að útiloka að til embættis komi forseti sem ynni í þeim anda og synjaði lögum staðfestingar í tíma og ótíma, þannig að þingið yrði lítt starfhæft. Þá hefði Alþingi það úrræði að samþykkja tillögu með stuðningi ¾ hluta þingmanna um að leysa forseta frá embætti enda færi þá fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hana innan þriggja mánaða frá samþykkt Alþingis, sbr. 2. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar. Ef hins vegar þráteflir verður milli forseta og

Alþingis, þannig að Alþingi samþykki þegar í stað lög, sem forseti hefði synjað lítið breytt og þráteflir yrði, vakna spurningar um hvernig eigi að hemja Alþingi. Það yrði bezt gerð með því að koma á fót stjórnlagadómstól. Annars eru ekki önnur úrræði en kjósendur taki í taumana.

Ef stjórnarskráin er túlkuð og henni framfylgt í anda þeirra gilda sem að baki hennar búa má vel við 26. gr. una; ef á hinn bóginn stjórnarskráin er túlkuð í anda bókstafstrúar, valdsækni og þeirra siðferðisbresta sem fylgja átaka-stjórnsmálum verður að breyta henni. Og við það yrði varla látið sitja; hverju álitamálinu af öðru

yrði hreyft sem fella yrði undir bókstafi stjórnarskrárinnar og þá hætt við að orðaflaumur yrði helzta kennimark hennar. En þá væri rétt að menn spyrðu þeirrar spurningar, hvort margorð og ýtarleg stjórnarskrá sé til marks um gott stjórnarfar. Við lauslega athugun á stjórnarskrám ýmissa ríkja, m.a. í þriðja heiminum, set ég fram þá leiðsögutílgátu að því orðfleiri og áferðarfallegru sem ein stjórnarskrá er því verra sé stjórnarfaríð. Þetta væri rétt að skoða nánar áður en ráðizt verður í endurskoðun stjórnarskrárinnar með átakastjórnsmálinu að leiðarljósi.

Höfundur er lagaprófessor.

Prófkjör í Reykjavík 23. janúar 2010

Viltu kynnast frambjóðendum betur?



Kjartan Magnússon



Kristján Guðmundsson



Marta Guðjónsdóttir



Ragnar Sær Ragnarsson



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir



Þorkell Ragnarsson



Áslaug M. Friðriksdóttir



Benedikt Ingi Tómasson



Björn Gíslason



Elínbjörg Magnúsdóttir



Emil Örn Kristjánsson



Geir Sveinsson



Gísli Marteinn Baldursson



Hanna Birna Kristjánsdóttir



Hilður Sverrisdóttir



Jóhann Páll Símonarson



Jörunn Frímannsdóttir



Júlíus Vífill Ingvarsson

Kaffihúsafundur með frambjóðendum í Valhöll

Þriðjudagur 19. janúar kl. 16 - 19

Opinn framboðsfundur í Golfskálanum í Grafarholti

Miðvikudagur 20. janúar kl. 20 - 22

Prófkjör

Laugardagur 23. janúar, kjörstaðir eru opnir kl. 10 - 18

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er alla virka daga kl. 9 - 17

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

www.profkjor.is

Upplýsingar um frambjóðendur eru á profkjor.is



KEVIN COSTNER ER 55 ÁRA Í DAG.

„Ef maður hefur ekki skilning á eigin takmörkunum, nær maður litlum árangri í lífinu.“

Kevin Costner er bandarískur leikari, tónlistarmaður, framleiðandi og leikstjóri.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 18. JANÚAR 2000

Öll ríkin taka upp Luther King-dag

Á þessum degi árið 2000 var í fyrsta sinn haldið upp á frídag blökkumannaleiðtogans Martins Luthers King yngri í öllum fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna. Dagurinn er haldinn hátíðlegur þriðja mánudag janúarmánaðar á ári hverju, en afmælisdagur Kings er 15. janúar.

Skömmu eftir morðið á King árið 1968 fór af stað herferð þess efnis að árlegur frídagur yrði nefndur eftir King. Ronald Reagan, þáverandi forseti Bandaríkjanna, gerði frídaginn opinberan árið 1983 og var í fyrsta sinn haldið upp á hann árið 1986. Í fyrstu neituðu sum ríki að viðurkenna daginn og kölluðu hann ýmist öðrum nöfnum eða tengdu hann saman við aðra frídaga. Suður-Karólína var síðasta ríkið til að gera daginn að opinberum frídegi.



MERKISATBURÐIR

- 1535 Líma, höfuðborg Perú, er stofnsett af Francisco Pizarro.
- 1701 Friðrik I. verður konungur Prússlands.
- 1871 Þýska keisaradæmið verður til þegar Otto von Bismarck tekst að sameina nokkur þýsk ríki í eitt sambandsríki.
- 1896 Röntgenmyndavélin er fyrst sýnd.
- 1964 Teikningar af World Trade Center-turnunum í New York-borg eru opinberaðar.
- 1968 Leigubílstjórinn Gunnar Sigurður Tryggvason er myrtur í Reykjavík. Aldrei komst upp um ódæðismanninn.
- 1969 Stórbruni verður á Korpúlfstöðum.



DÍLASKARFURINN TIL VINSTRI MESSAR. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

FLUGL VIKUNNAR: DÍLASKARFUR

Eru miklar veiðiklær

Skarfar eru stórir og dökkir sjófuglar. Hérlandis eru tvær skarfategundir, dílaskarfur og toppskarfar. Þeir eru báðir staðfuglar og er varpútbreiðsla beggja að mestu bundin við Faxaflóa og Breiðafjörð. Dílaskarfurinn er stóri bróðir. Hann lifir á fiski og er slyngur kafari. Skarfar veiða venjulega á grunnsævi og eftir veiðiferðirnar sitja þeir á steinum, klöppum eða hafnarmannvirkjum með þanda vængi og blaka þeim í sífellu til að þurrka þá. Þá er sagt að þeir „messi“. Dílaskarfur fær nafnið af stórum, hvítum díl, sem hann ber á lærunum í varpskrúðanum frá janúar til júní. Annars eru fullorðnir dílaskarfur að mestu svartir, en ungfuglarnir eru ljósir að neðan og brúnir að ofan. Hann verpur í byggðum, aðallega á flötum, gróðursnaudum skerjum, stundum á stöpum. Hreiðrið er hraukur úr þangi, fóðrað með fjöðrum og grasi. Hann dvelur á veturna með ströndum fram um land allt. Dílaskarfur leita stundum upp á ferskvatn, ár og vötn og sjást jafnvel á vötnum á hálendinu. Nokkrir tugir hafa sést á Þingvallavatni. Varpútbreiðslan hefur dregist saman og hann er nú horfinn af Norðurlandi og öðrum eldri varpstöðvum. Dílaskarfur er algengur varpflugl víða um heim, bæði á norður- og suðurhveli jarðar.

www.fuglavernd.is

SVEINN RAGNARSSON: VER DOKTORSRITGERÐ Í FÓÐURFRÆÐI HESTA

Íslenska heyið er úrvalsfóður

Sveinn Ragnarsson, lektor við Háskólann á Hólum, varði nýverið doktorsritgerð sína í fóðurfræði hesta við Sænska landbúnaðarháskólann (SLU) í Uppsölum. Rannsókn hans er viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið á fóðrun íslenskra hesta.

Hann er inntur eftir því hvað hafi vakið áhuga hans á þessu viðfangsefni. „Ég hef fyrst og fremst mikinn áhuga á öllu því sem viðkemur hrossum en þótti fóðurfræðin mest spennandi sem vísindaverkefni, þar sem þekkingin var lítil á því sviði og ýmsar kenningar uppi um sérstöðu íslenskra hestsins,“ segir Sveinn og útskýrir að sérstaða íslenskra hestsins hafi dregið verulega úr mönnum að nota sér alþjóðleg viðmið við fóðrun íslenskra hesta og við mat á fóðri.

Ekki hafa margar doktorsritgerðir verið skrifaðar um íslenska hestinn. „Ég man eftir tveimur í augnablikinu, í annarri er fjallað um kynbætur hrossa en í hinna um spatt,“ svarar Sveinn en bætir við að bjartari tímar séu fram undan. „Nú vinna íslenskir nemendur að allavega fjórum doktorsritgerðum um íslenska hestinn. Einnig kemur íslenski hesturinn fyrir í allmörgum öðrum ritgerðum og eitthvað af MS-ritgerðum, sérstaklega erlendis.“

En um hvað fjallar rannsóknin? „Meltingu og efnaskipti í hestum. Með því að mæla meltanleikann getum við áttað okkur á orku- og próteingildi heysins og þannig einnig metið þarfir gripanna,“ svarar Sveinn og greinir frá helstu niðurstöðunum. „Í stuttu máli er íslenskt rúlluhey úrvalsfóður samanborið við hestahey sem notað er sunnar í álfunni. Orkugildi í snemmslegnu íslensku rúlluheyi jafnast á við sumt kjarnfóður og þó að við sláum seint þá reynist íslenska heyið enn vera þokkalega meltanlegt og sambærilegt við algengt hestahey í Evrópu. Einnig komumst við að því að fóðurþarfir íslensku hestanna reyndust sambærilegar við alþjóðleg viðmið fyrir hesta í svipuðu líf- og lífsfræðilegu ástandi og því ekki um mikilvæga sérstöðu að ræða. Önnur niðurstaða sem ég tel vera afar athygliverða er að við gerðum samanburðar-tilraun þar sem við bárum saman meltanleika rúlluheys í íslenskum og standardebrennd-hestum (útbreitt alþjóðlegt



DOKTOR Í HESTAFRÆÐUM Varði doktorsritgerð í fóðurfræði hesta.

MYND/SÓLVRUN

hestakyn) og reyndist ekki vera munur á hversu vel hrossineltu heyið þannig að kenning um að íslenskir hestar melti gróffóður betur en önnur hestakyn fær ekki stuðning í mínum tilraunum. Hins vegar komu fram athygliverð gildi í blóðefnamælingum sem benda til þess að efnaskipti kynjanna gætu verið ólík, sem þarfnast nánari skoðunar.“

Sveinn segir niðurstöðurnar hápraktískar. „Þær má nýta til ákvörðunar á sláttutíma fyrir hross og til að ákvarða fóðurgjöf. Ekki síst gefa niðurstöðurnar okkur líka aukið tækifæri til að nýta alþjóðleg viðmið og rannsóknaniðurstöður.“

Sveinn starfar við kennslu og rannsóknir við Háskólann á Hólum og segir þekkingu sína á fóðurfræði nýtast vel í kennslunni. „Við höfum komið niðurstöðum tilrauna jafnóðum inn í náms-efnið.“

En verður rannsókn haldið áfram? „Þessari rannsóknarlötu er lokið og þó að brennandi spurningum hafi verið svarað að einhverju leyti, þá vökn- uðu aðrar sem við ætlum að reyna að

svara í framtíðinni. Ég býst við að við höldum fóðurrannsóknnum áfram til að styðja við og útvíkka það sem þegar er gert,“ svarar Sveinn. Hann hefur fundið fyrir miklum áhuga að utan og býst við að næstu fóðurrannsóknir verði í samvinnu við erlenda háskóla. Sveinn bendir á að stór hluti af íslenska hrossastofninum sé erlendis og hestamenn verði að hugsa leiðbeiningar og rannsóknir á alþjóðlegum nótum og bætir síðan við að honum finnst afar mikilvægt og í raun skylda Íslendinga gagnvart þeirri auðlind sem hesturinn er, að vera í fararbroddi er kemur að rannsóknnum á íslensku hestinum.

Þær rannsóknir sem við erum nú að vinna að hér við hestafræðideildina á Hólum taka til þjálfunarlífsfræði hesta og nú er í burðarlíðnum stórt verkefni á því sviði sem ætlunin er að beina athyglinni að næstu misseri. „Á slíkum þáttum er nauðsynlegt að afla þekkingar einfaldlega til að skilja hvað við erum að bjóða hestunum upp á, sérstaklega þegar kemur að sýningum og öðru álagi.“

solveig@frettabladid.is



Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

Kristinn Freyr Arason

Stekkjahvammí 12, Hafnarfirði,

sem lést af slysförum fimmtudaginn 7. janúar, verður jarðsúnginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

Ari Óskar Jóhannesson
Steinunn AradóttirÓlöf Sigurlín Kristinsdóttir
Inga Nína Sigríður
Jóhannsdóttir

Ástkær sambylismaður minn og bróðir okkar,

Hjörleifur Bjarki Guðmundsson

vélfræðingur frá Karlsá,
Rauðalæk 14,

andaðist að heimili sínu 10. janúar. Útför verður frá Fossvogskirkju 21. janúar kl. 15.00.

Nanna Kristín Guðmundsdóttir og systkini.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Sigurður Guðmundsson

byggingartæknifræðingur,
Háaleitisbraut 125, Reykjavík,

verður jarðsúnginn frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans eru beðnir að láta hjúkrunarþjónustuna Karitas njóta þess.

Sólveig Ásta Ásgeirsdóttir
Ásgeir Valdimar SigurðssonDagbjörg Birna Sigurðardóttir
Marta Dögg SigurðardóttirDavid Ottó Arnar
Sigurður Óli Kolbeinsson

og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Þórdís Magnea

Porleifsdóttir

Torfufelli 27, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þriðjudaginn 12. janúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00.

Sjöfn Skaftadóttir
Kristín G. Haraldsdóttir
Jóhanna P. Haraldsdóttir
Benedikt S. Haraldsson
Skapti J. HaraldssonSkaug Björn Arild Skaug
Sigurður Ö. Magnússon
Kristinn Benónýsson
Kristjana Jóhannsdóttir
Kristbjörg H. Sigtryggsdóttir



KJÚKLINGAVÆNGIR í grillsósu er fyrirtaks fingramatur í heimboðum og veislum. Vængirnir eru baðaðir í sósu, þeim stungið inn í ofn og borðaðir með sósu af einhverju tagi, en fersk jógurtsósa hentar einkar vel með slíkum mat.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

**Nýtt námskeið
hefst 22. janúar n.k.**



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414

„Það er rosalega gott að fá sér kaffi og sóðavatn saman,“ segir Sigríður Dögg og stillir sér upp við uppáhaldsgræjurnar í eldhúsinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barmafullur bolli af ást

Kaffi er hressandi og sóðavatn svalar. Tæki sem töfra fram þessa drykki eru í miklum metum á heimili Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, forstöðumanns kynningarmála í Mosfellsbæ, og bæði eiga þau sér sögu.

„Mig var búið að langa í þessa kaffivél í mörg ár og fékk hana svo í afmælisgjöf þegar ég varð þrítug. Hún er búin að ferðast með mér milli landa og mér þykir voða vænt um hana. Ekki síst vegna þess að ég er algerlega á því að kaffibolli geti verið fullur af ást,“ segir Sigríður Dögg og sýnir okkur vélina, ljósbláa og netta. Þessa síðustu setningu verður hún að útskýra betur.

Jú, það kemur í ljós að hún og eiginmaður hennar, Valdimar Birgisson, færa hvort öðru kaffi í rúmið á hverjum einasta morgni – það þeirra sem er fyrir á fótum færir hinu. „Oftast er hann á undan mér fram úr þannig að ég er svo heppin að fá kaffi með flóðri

mjólk í rúmið,“ segir Sigríður Dögg brosandí. „Það hjálpar til við að takast á við daginn sem fram undan er að byrja á góðum kaffibolla sem er barmafullur af ást.“ Sest Valdimar þá á rúmbríkina með sinn bolla líka? „Nei, hann er oft búinn með sinn meðan ég er að rumska eða hann er að sinna börnum,“ svarar hún. „En um helgar reynum við að kúra saman og lesa kannski eitthvað uppi í rúmi með kaffið okkar, ef friður er.“

Svo beinist athyglin að sóðastrímtækinu. „Þetta er sennilega önnur kynslóð af svona tækjum og dálítið fornt en svínvirkar og er notað á hverjum degi. Krökkunum hefur fundist sóðavatn gott

frá því að þau voru lítil og ef við setjum Ribena-saft út í verður það alger sparidrykkur,“ lýsir Sigríður Dögg. „Steingerður Ólafsdóttir vinkona mín gaf mér sóðastrímtækið árið 2004 þegar hún flutti til Svíþjóðar og ég var nýflutt heim frá London. Þá var hún búin að eiga það í mörg ár. Hún hafði heyrt að goshylki í það fengjust ekki í Svíþjóð en komst svo að hinu gagnstæða. Það var bara of seint því þá var tækið komið í svo mikla notkun hjá mér.“

Þessi tvö heimilistæki telur Sigríður Dögg sem sagt ómissandi. „Það er líka rosalega gott að fá sér kaffi og sóðavatn saman,“ bendir hún á að lokum. *gun@frettabladid.is*

**Útsala
öll húsgögn
20-30%
afsláttur**

Fyrir bústaðinn og heimilið
Opíð: má-fö. 12-18,
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra

ALLT ÚT AÐ BORÐA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Pórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚTSALA

**20-50% afsláttur
af völdum vörum**



**10.000 kr. vöruúttekt
fylgir hverju heilsurúmi**



Fyrst og fremst í heilsudýnum

**3 mán.
vaxtalausar greiðslur**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is



UPPÞVOTTABURSTAR eru ekki eilífr. Gott er að skipta reglulega um þá. Þó er hægt að lengja líftíma þeirra með góðri umgengni. Til dæmis má setja þá af og til í uppþvottavélina.



Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Það er engin ástæða til að láta sér leiðast

Mánudagur 18. janúar

Lífsleiðin frá miðaldra fram á efri ár – Hvernig tökum við því að eldast? Tími: 12.30 -13.30.

Prjónahópur – Viltu læra að prjóna? Eða deila reynslu þinni og hugmyndum með öðrum? Tími: 13.00 -15.00.

Hraðskákmót – Tefldar verða nokkrar umferðir eftir Monradkerfi. Tími: 13.30 -15.00.

Tálgunarnámskeið – Lærðu að tálga með með beittum hníf í ferskan trjávið. Tími: 14.30 -16.00.

Þriðjudagur 19. janúar

Qi – Gong – Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur – Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Teikninámskeið – Langar þig að læra að teikna? Farið verður í grunninn og teiknað. Tími: 13.30 -15.00.

Baujan sjálfstyrking – Byggð á slökunaröndun og tilfinningavinnu. Fullt! Tími: 15.00 -17.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt – Athugið lengdan opnunartíma! Tími: 16.00 -19.00.

Miðvikudagur 20. janúar

Búddismi í Japan – Fjallað verður um áhrif Búddisma á sögu og menningu Japans. Tími: 12.30 -14.00.

Áhugasviðsgreining – Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00 -15.00.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur – Sérniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur fyrir innflytjendur. Tími: 14.00 -16.00.



Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

Tölvuaðstoð – Persónuleg aðstoð. Hafðu fartölvu með ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur – Við spjöllum um bókina Mávahlátur eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Tími: 14.00-15.00.

Briddsklúbbur – Hefur þú gaman af bridds? Eða alltaf langað til að læra bridds? Tími: 14.00-16.00

Gítarnámskeið fyrir byrjendur yngri en 35 ára – Ágúst Atlason hljómlistarmaður kennir gripin. Annar hluti af fjórum. Fullt! Tími: 15.00-16.30.

Fimmtudagur 21. janúar

Hundavinir – Áttu góðan hund? Láttu gott af þér leiða með aðstoð hundsins. Tími: 12.30 -13.30.

Frönskuhópur – Viltu æfa þig að tala frönsku? Tími: 12.30 -13.30.

Saumasmíðjan – Bættu og breyttu flikunum. Fáðu leiðbeiningar og komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.

Jóga – Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 22. janúar

Noregur og norska kerfið – Noregur og Ísland eiga margt sameiginlegt en þó er margt ólíkt í samfélaginu og kerfinu. Íslensk kona búsett í Noregi til fjölda ára tekur fyrir mikilvæg atriði og svarar spurningum. Tími: 12.30 -13.30.

Gönguhópur – Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.

Hvernig stöndumst við álag – Hvað fær okkur til að snöggreiðast yfir smámunum? Eða pirrast yfir hversdagslegum atburðum? Fáðu góð ráð til að takast á við álag. Tími: 14.00-15.30.

Hláturjóga – Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.



Jóhanna kennari og Lilja Birkisdóttir una sér vel við vefstólana.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Bóma, haföld, skammel, skeið

Í Heimilisiðnaðarskólanum eru kennd ýmis vinnubrögð sem bæði teljast til handmennta og lista. Vefnaður er þeirra á meðal.

„Öllum sem byrja að vefa þykir það skemmtilegt. Ég þekki að minnsta kosti engan sem hefur ekki fallið fyrir því,“ segir Jóhanna Birkisdóttir og bætir við hlæjandi: „Kannski er það af því ég þekki ekki öðruvísi fólk. Ég vel mér vini eftir því hvort þeir vilja vefa!“ Jóhanna er formaður Félags vefnaðarkennara og leiðbeinandi á námskeiði Heimilisiðnaðarskólans í Nethyl sem blaðamaður og ljósmyndari heim sóttu eitt kvöldið. Hún segir áhugann á vefnaði ganga í bylgjum á Íslandi. Hann hafi verið í lægð síðustu ár en telur landið nú vera að rísa. Hún hrósar nemendum sínum á námskeiðinu í hástert og segir þá fá tíu plúsa.

Vefnaður er undirstaða margs konar tauíðnaðar. Hann fór meðal annars fram á íslenskum heimilum um aldir í heimasmiðuðum vefstólum. Haföld, skeið, skammel og bóma eru meðal tækniorða sem tilheyra slíkum græjum. Jóhanna segir vefstóla ekki fáanlega hér á landi en auðvelt sé að panta þá frá Svíþjóð. „Það fylgja



Áhaldið sem liggur ofan á vefnaðinum heitir skytta. Það er notað til að skutla bandi þversum milli uppistöðupráðanna sem liggja langsum eftir stólnum.

leiðbeiningar með þeim eins og IKEA húsgögnunum,“ segir hún hressilega. „Svo er dálítil kúnt að setja upp vef í stólinn en þegar það er búið er hægt að vefa ýmiss konar muni eins og sannast hér hjá okkur.“

Næstu námskeið byrja 14. febrúar og kennt er tvisvar í viku til 8. apríl.

gun@frettabladid.is

ALLT TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚTSALA

Verslunin flytur
Baðheimar sameinast Álfaborg 1. febrúar

25 - 75 % afsl.
af öllum vörum

BAÐHEIMAR

Skútuvogi 4 - sími: 525 0800



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnboði Hilmarsson lögg. fasteignasali

Óskum eftir sérbylum, einbýlum og par- og raðhúsum á söluskrá.

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



Glæsieignir á góðu verði - lausar strax



HÁHOLT - GARÐABÆ

Vorur að fá í sölu þetta glæsilega ca. 340 fm einbýlishús sem stendur efst í Hnoðraholtinu með glæsilegu útsýni til vesturs. Húsið stendur á mjög fallegri hornlóð. Nýlega búið að endurnýja töluvert innan og utandyra í húsinu, m.a. nýtt eldhús, nýjar bílskúrhurðir, öll hellulögn umhverfis húsið og fl. Mjög falleg sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Á neðri hæð er einnig tvöfaldur bílskúr, stórar geymslur og rúmgóð baðstofa með sauna og sturtu. Fallegur bogadreginn stígi upp á efri hæð sem skiptist í tvær þrjár stórar stofur með svölum og útgengi á sólpall í bakgarði. Eldhús, gesta wc og herbergjaálma með 3 herbergjum, fataherbergi og útgengt á stóran sólpall. HÚSIÐ ER LAUST STRAX, GOTT VERÐ Nánari uppl. Ólafur B Blöndal. Lgf.



EFSTALEITI-BREIÐABLÍK

Vorur að fá í sölu 4ra herbergja 145 fm íbúð á 1.hæð í Breiðablikhúsinu ásamt stæði í bílageymslu. Umer að ræða eitt glæsilegasta fjölbýlishús sinnar tegundar á landinu. Vönduð og mikil sameign með m.a. sundlaug, sauna, heitum pottum og líkamsræktarsal. Húsvörður sér um daglegan rekstur hússins. Íbúðin er með sérverönd með glæsilegu útsýni til suðurs og vesturs. Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. LAUST STRAX. Nánari uppl. á skrifstofu fasteign.is



WWW.EIGNALEIGAN.IS

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur B Blöndal lgf.

Eignin stendur á 770 fm lóð á góðum og fallegum stað í Kópavogi.



Endurnýjað einbýli

Heimili fasteignasala, Skipholti 29a, kynnis í einkasölu fallegt einbýlishús á einni hæð í Kópavogi.

Húsið, sem stendur við Kastalagerði í Kópavogi er skráð 165 fm. Íbúðarrými er 137 fm og bílskúr 28 fm. Það stendur á 770 fm lóð á góðum fallegum stað í Kópavogi. Húsinu hefur verið aðeins breytt að skipulagi og endurnýjað og er í góðu ástandi. Í því eru fjögur svefnherbergi og tvær stofur.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Inn af forstofu er nýtt gestasalerni sem er flísalagt með vegghengdu salerni og skáp. Inn af forstofu

er forstofuherbergi með flísum á gólfi og fataskáp. Útgengt er úr herberginu í bakgarðinn í suðri. Stofurnar eru með parketi á gólfi og útgangi á hellulagða verönd í bakgarði. Eldhús er með nýlegri innréttingu, borðkrók og flísum á gólfi. Gangur í svefnálmum er með parketi á gólfi og lausum skáp.

Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa, baðinnréttingu og innréttingu fyrir þvottavélur. Tvö barna-herbergi eru í húsinu og er parket á gólfi og skápur í öðru þeirra. Hjóna-herbergið er með fataskápum og parketi á gólfi.

Fallegt gott einbýlishús með bílskúr á góðum stað í Kópavogi. Eigendur leita að stærra einbýli í Kópavogi.

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is
KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS



Klapparhlíð - 50 ára og eldri

Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaoefni og stórt hjóna-herbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. Íbúðin er laus til afhendingar strax. V. 24,5 m. 3441



Blikahöfði - 2ja herbergja

Rúmgóð og björt 77 m², 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af svalagangi, á 3ju hæð við Blikahöfða 7 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á 1 hæð. Svalir í suðvestur með fallegu útsýni. V. 16,9 m. 4795



Spóahöfði - Efri sérhæð

Glæsileg 199,3 fm efri sérhæð með innbyggðum 28,2 fm bílskúr í fallegu tvíbýlishúsi. Í húsinu eru þrjú rúmgóð herbergi + sjónvarpsherbergi (sem hægt er að breyta í svefnherbergi). Innréttingar eru úr hlyn, hvíttuð eik og náttúruflísar á gólfum, innfeldd hallogenlýsing er í húsinu. V. 47,9 m. 3764



Klapparhlíð - 3ja herbergja

3ja herbergja, 81,9 fm íbúð á efstu hæð með sérinngangi í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Rétt hjá húsinu er leikskólinn Hulduberg, grunnskólinn Lágafellskóli, glæsileg sundlaug og World Class. V. 19,9 m 4396



Rósarími - 3ja herbergja

Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með góðum svölum við Rósaríma 6 í Grafarvogi. Íbúðin hefur mikið verið endurbætt, eikarparket og náttúrusteinn á gólfi. Rúmgóð stofa og tvö góð svefnherbergi. Áhvílandi eru ca. 19,8 m hjá íbúðalánasjóði. V. 20,5 m. 3443



Þórðarsveigur - 4ra herbergja

Sérlega glæsileg 107 m², 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð við Þórðarsveig í Grafarholtinu, ásamt bílastæði í bílageymslu. Falleg gólfefni og innréttingar. Vönduð tæki. Glæsileg íbúð með fallegu útsýni! V. 25,9 m. 4715



Múlalind - Einbýlishús

Fallegt 172,8 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr með góðu útsýni við Múlalind í Kópavogi. Húsið stendur innanlega í litlum botnlanga með góðu útsýni til suðvesturs. Góð aðkoma er að húsinu og stórt hellulagt bílplán og stór timburverönd með heitum potti. V. 54,9 m. 4605



Baugakór - 3ja herbergja

Falleg 96,4 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu við Baugakór 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 2 góð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sér þvottahús. Stórar svalir í suð-urátt. Eignin er laus til afhendingar! V. 23,9 m. 4779

Skeljagrandi 8, íbúð 202 - 108 Reykjavík



Góð 56,2 fm íbúð með sérinngangi af svölum ásamt bílastæði í bílajakallara við Skeljagrandi í Reykjavík. Íbúðin er skráð 56,2 fm og stæði í lokuðum bílajakallara 30,9 fm. Eignin er laus til afhendingar! V. 15,9 m. 4871 OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:00 TIL 17:30 Í SKELJAGRANÐI 8, ÍBÚÐ 202



Strandvegur 6, íbúð 104 - 210 Garðabær



Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja, 112,5 m² íbúð á jarðhæð með sérgarði og bílastæði í bílageymslu við Strandveg 6 í Garðabæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. V. 29,5 m. 4778 OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:30 TIL 18:00 Í STRANDVEGI 6, ÍBÚÐ 104



Langalína 7, íbúð 204 - 210 Garðabær



Sérlega falleg og vel innréttað 116,1 fm útsýnis íbúð á annari hæð í lyftuhúsi, tvennar svalir og stæði í bílageymslu við Löngulínu 7 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu og eldhús. Eignin er laus til afhendingar! Lækkað verð! V. 29,7 m. 4768 OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 18:00 TIL 18:30 Í LÖNGULÍNU 7, ÍBÚÐ 204



Reykjavík



Bárugrandi - 3-4ra herbergja

Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílajakallara á fallegum stað við Bárugrandi í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m² og bílastæði í lokuðum bílajakallara 24,1 m². Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu. Lækkað verð! V. 22,5 m. 4725



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

LAND ÓSKAST UNDIR VERKSMÍÐJU

10-20 HA. LANDS ÓSKAST Í NÁLÆGÐ VIÐ HÖFUÐBORGINA, EN ÞÓ FJARRI ÍBÚÐABYGGÐ, ÞAR SEM MÖGULEIKI VÆRI AÐ REISA VERKSMÍÐJU

EINBYLISHÚS ÓSKAST

- Í ÞINGHOLTUNUM
- Í VESTURBORGinni
- FLÖTUM Í GARÐABÆ NIÐUR VIÐ LÆKINN
- Á SELTJARNARNESI



Laufásvegur. Glæsilegt einbýlishús.

Glæsilegt 326,9 fm einbýlishús á þessum eftirsóttasta stað í Þingholtunum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á vandaðan og smekklegan hátt. Eignin skiptist m.a. í þrjár samliggjandi stofur, stórt eldhús með nýlegri innréttingu, þrjú rúmgöð svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi auk séríbúðar í kjallara. Gólfni eru að stórum hluta nýleg og aukin lofthæð er á efri hæðum. Húsið stendur á 527 fm gróinni lóð með víðar- og heilugðum veröndum og skjólveggjum. Skipti möguleg á góðri sérhæð í miðborginni.



Við Meðalfellsvatn. Einstök staðsetning. Til sölu eða leigu.

Tvær fasteignir á sömu lóð við Meðalfellsvatn í Kjósahreppi. Annars vegar er um að ræða nýlegt 235,2 fm einbýlishús auk 34,6 fm sérstæðs bílskúrs, byggt árið 2007 og innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt með innréttingum úr ljósum víði. Hins vegar er um að ræða 54,6 fm eldri sumarhústað, byggðan árið 1965. EIGNIRNAR ERU AFAR VEL STAÐSETTAR, Á VATNSBAKKA MEÐALFELLSVATNS. STÓRKOSTLEGT ÚTSYNI YFIR VATNTÍÐ OG FJALLAHRINGINN. EINKAVEGUR LIGGUR AÐ EIGNUNUM. Nánari uppl. á skrifstofu.



Digranesvegur-Kópavogi.

5 herb. 112,5 fm neðri sérhæð. Hæðin skiptist m.a. í stofu með útg. á svalir til suðurs og vesturs, eldhús með þvottaherb. innan og 4 herbergi. Glæsilegt útsýni úr stofu og af svölum yfir Kópavoginn, að Reykjanesi og að Bláfjöllum. Bílskúrsréttur. Hús nýlega víðgert og málað að utan. Verð 24,9 millj.



Bakkagerði.

Falleg og vel skipulagt um 147 fm einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsóttasta stað. 2ja herb. aukaíbúð er í risi. Hús að utan nýlega málað og gler endurnýjað að stórum hluta. Bílskúrsréttur. Verð 34,9 millj.<BL>



Reykás. 4ra herb. m. bílskúr

Falleg 113,9 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð auk bílskúrs. Ný endurnýjað eldhús með fallegum hvítum innréttingum, sjónvarpsstofu, 3 rúmgöð herbergi, stofa með útgangi á suðursvalir og flísalagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Hús álklaett að utan. Verð 30,9 millj.<BL>



Miðleiti. Eldri borgarar. Til sölu eða leigu.

111,4 fm 3ja - 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð fyrir 55 ára og eldri. Samliggjandi stofur með útsýni, 2 svefnherbergi, sjónvarpsstofu, eldhús og marmaralagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Yfirbyggðar flísalagðar svalir og þaðan útgangur á opnar svalir. Sér staði í upphitadri bílageymslu. Mikil sameign m.a. matsalur og gufubúð. Laus strax. Verð 36,9 millj.



Skólbraut - Seltjarnarnesi. Eldri borgarar. 2ja herb. útsýnis-íbúð. Laus strax

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er mikið útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesbæ. LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 21,9 millj.



Suðurlandsbraut - verslun-/þjónustuhúsnæði til leigu.

Til leigu 346,9 fm þjónstu-/verslunarhúsnæði á götuhað með stórum gluggum og miklu auglýsingagildi. Eignarhlutinn skiptist í tvo stóra sali með snyrtingum innan, stórt eldhús, skrifstofu og kaffistofu. Lofthæð í húsnæðinu er um 3,0 metrar. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.



Skeifan - skrifstofuhúsnæði til leigu.

Til leigu nýlega upperð skrifstofuhæð, 2. hæð, í góðu lyftuhúsi. Um er að ræða 205 fm/250 fmog 416 fm. Húsnæðið er allt bjart og rúmgott. Gluggar á öllum hlidum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Góð aðkoma og næg bílastæði. Öll þjónusta í næsta nágrenni. Laust til afhendingar frá og með 1. mars nk.



Köllunarklettsvegur - til leigu.

Til leigu glæsilegt lager og skrifstofuhúsnæði samtals 2.417 fm að stærð. Húseignin skiptist þannig: 1.792,6 fm lagerhúsnæði með fimm innkeyrsludryrum og allt að 11 metra lofthæð og 624,3 fm skrifstofuhúsnæði á tveimur til þremur hæðum. Mikil áhersla hefur verið lögð á smekkvísi í allri hönnun og frágangi. Hiti er í gámaplani og stórum hluta lóðar. Vel staðsett eign í hjarta vöruinnflutnings, útflutnings og dreifingar. Nánari uppl. á skrifstofu.



Brekkuás-Hafnarfirði.

325,9 fm tvílyft einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Áslandinu. Eignin er innréttað á vandaðan hátt og skiptist m.a. í stórt eldhús með sprautulökkuðum innréttingum, stórar stofur með mikilli lofthæð, stórt hjónaherb. og baðherbergi á aðal hæð. Á neðri hæð eru sjónvarpsstofu, þrjú rúmgöð barnaherb., um 36 fm fjölskyldurými og baðherb. Möguleiki að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Útsýni til fjalla og yfir Heiðmörkina. Verð 69,0 millj.



Bjarmaland.

229,7 fm einlyft einbýlishús á þessum eftirsóttasta stað neðst við opna svæðið í Fossvogsdalnum. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum. Samliggjandi rúmgöðar og bjartar stofur með arni, rúmgöð eldhús, sjónvarpsstofa og 3 rúmgöð herbergi. Stór verönd til suðurs. Frábær staðsetning.



Leiðhamrar.

SEX MÖRK Ólafur Guðmundsson spilaði stórt hlutverk með íslenska landsliðinu í leiknum á móti Frökkum í Bercy-höllinni í gær. NORDICPHOTOS/APP

áður en Frakkar skoruðu þrjú síðustu mörk fyrri hálfleiksins og voru 17-13 yfir í hálfleik.

Frakkar skoruðu síðan þrjú fyrstu mörk seinni hálfleiksins

og voru síðan komnir níu mörkum yfir eftir ellefu mínútna leik í honum. Fjögur íslensk mörk í röð náði muninum aftur niður í fimm mörk en nær komst íslenska liðið

ekki í seinni hálfleik. Frakkar komust mest ellefu mörkum yfir en unnu að lokum með tíu marka mun.

FH-ingurinn ungi Ólafur Guðmundsson var í aðalhlutverki í leik íslenska liðsins í þessum leik og var hann sérstaklega áráðinn í fyrri hálfleiknum þar sem hann skoraði fimm glæsileg mörk úr níu skotum. Ólafur gerði auðvitað mörg mistök en fékk dýrmæta reynslu á móti sjálfum heims- og ólympíumeisturinum Frakka.

Íslenska liðið tryggði sér sæti í úrslitaleiknum með glæsilegum sigri á Spánverjum á laugardaginn. Markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson var maður seinni hálfleiksins þegar hann varði 14 af 19 skotum sínum í leiknum. Guðjón Valur Sigurðsson fór líka í gang í seinni hálfleik og skoraði þá 5 af 6 mörkum sínum. Íslenska liðið var með frumkvæðið allan tímann og náði mest fimm marka mun í seinni hálfleiknum eftir að hafa verið 14-12 yfir í hálfleik.

Eftir sigurinn á Spáni hafði íslenska liðið náð að vinna fjóra fyrstu leiki sína á árinu sem hafði ekki gerst í 46 ár eða síðan íslenska landsliðið sló í gegn á HM í Tékkóslóvakíu 1964. ooj@frettabladid.is

Námsstefna um fjármálareglur sveitarfélaga

verður haldin í Reykjavík 22. janúar næstkomandi á vegum Evrópuráðsins og samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.

Fjallað verður um fjármálareglur sveitarfélaga og tengslin við hagstjórn ríkisins. Námsstefnan er ætluð framkvæmdastjórum og fjármálastjórum sveitarfélaga og öðrum sérfræðingum sem starfa á sviði fjármála fyrir ríki eða sveitarfélög.

Námsstefnugjald er 15 þúsund krónur og eru veitingar innifaldar.

Námsstefnan fer fram á ensku.

Skráning fer fram á þessum tengli: <https://asp.artegis.com/index.jsp>



Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir lokaleikinn fyrir EM:

Við erum núna klárir í slaginn

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var sáttur með stöðuna á íslenska liðinu þrátt fyrir tíu marka tap gegn Frökkum í gær. Hann ætlaði sér aldrei að keyra á lykilmönnum í leiknum enda aðeins rúmir tveir sólarhringar í fyrsta leik á EM í Austurríki.

„Við ætluðum að dreifa álaginu í þessum leik og gerðum það. Við spöruðum stóran hluta liðsmanna og dreifðum þessu alveg gríðarlega. Þannig ætluðum við að nota þennan leik og vildum gefa þeim tækifæri sem minna höfðu spilað. Þeir spiluðu allan tímann meira eða minna. Við ákváðum að nota þennan leik á þennan átt og vorum aldrei að velta því fyrir okkur að nota sterkasta liðið einhvern hluta leiksins,“ sagði Guðmundur eftir leikinn í gær.

Hann var mjög ánægður með leikinn á móti Spánverjum á laugardaginn en hann vann íslenska liðið með þremur mörkum. „Það var fínur sigur á Spánverjum á laugardaginn þannig að við erum bara sáttir. Við ætluðum að taka þann leik á fullu jafnframt því að vera búnir að ákveða að taka þennan Frakkaleik öðruvísi,“ segir Guðmundur.

„Við getum ekkert verið ósáttir með fyrri hálfleikinn en við misstum hann aðeins frá okkur síðustu mínútnar. Þetta var tiltululega jafnt en við misstum



FINBEITUR Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er ánægður með hvernig undirbúningur íslenska liðsins fyrir EM í Austurríki hefur gengið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þá í fjögur mörk í staðinn fyrir að tvö mörk hefðu verið eðlilegur munur í hálfleiknum. Í síðari hálfleik gáfu þeir bara í á meðan við vorum kannski að draga í land,“ segir Guðmundur.

„Frakkarnir voru að spila miklu meira á sínu sterkasta liði þó svo að þeir hefðu notað fleiri leikmenn. Þeir voru með sitt sterkasta lið stærsta hluta leiksins.“

Guðmundur lét Ólaf Guðmundsson fá mikið hlutverk í leiknum í gær. „Ólafur gerði þetta mjög vel og ég var mjög sáttur með hann. Ég held að það sé ekki hægt að fá stærri leik en fyrir framan fimmtán þúsund áhorfendur á

heimavelli heims- og ólympíumeistara Frakka. Það er ekki hægt að fá stærra verkefni í æfingaleik,“ segir Guðmundur.

„Ég er ánægður með það að við fórum vel í gegnum undirbúningsleikina. Eina vandamálið er með Aron en ég er vongóður um að hann verði orðinn góður á morgun. Það er bara fin staða á hópnun og við erum ánægðir með það að það séu engin meiðsli eftir þetta mót. Núna erum við bara klárir í slaginn,“ sagði Guðmundur rétt áður en hann lagði í hann út á flugvöll. Íslenski hópurinn átti síðan að koma upp á hótél í Linz í Austurríki klukkan tvö í nótt. - 66j

ALLT UM EM 2010 Í HANDBOLTA Á **VÍSIR.IS**



- » VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
- » SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
- » HANDBOLTABLOGG
- » BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
- » GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

ÚRSLITIN

Subway-bikar karla

Breiðablik-ÍR 87-94 (40-45)
Stig Breiðabliks: Hjalti Friðriksson 21, Jeremy Caldwell 18, Aðalsteinn Pálsson 13, Ívar Örn Hákonarson 12 (13 frák.), Jonathan Schmidt 10 (8 stoðs.), Daniel G. Guðmundsson 7, Gylfi Geirsson 3, Ágúst Angantýsson 3.

Stig ÍR: Michael Jefferson 28, Nemanja Sovic 18, Steinar Arason 15, Kristinn Jónsson 10, Hreggviður Magnússon 9, Eiríkur Öundurason 7, Gunnlaugur H. Elsson 5, Ólafur Þórisson 2. Snæfell-Fjölnir 100-96 (83-83, 47-44)

Stig Snæfells: Sean Burton 24 (13 stoðs.), Hlynur Þæringsson 22 (15 frák., 6 stoðs., 6 stolnir), Sigurður Á. Þorvaldsson 18, Jón Ólafur Jónsson 17, Sveinn Arnar Davíðsson 7, Páll Fannar Helgason 7, Emil Þór Jóhannsson 5.

Stig Fjölnis: Christopher Smith 27 (12 frák., 5 varin), Ægir Þór Steinarsson 20, Magni Hafsteins-son 16 (12 frák.), Tómas Heiðar Tómasson 14, Sindri Káráson 9, Sverrir Kári Karlsson 4, Garðar Sveinbjörnsson 2, Arnþór Freyr Guðmundsson 2, Jón Sverrisson 2.

Tindastöll-Grindavík 86-96 (41-52)

Stig Tindastöls: Kenney Boyd 18 (11 frák.), Svavar Atli Birgisson 17 (7 stoðs.), Helgi Freyr Margeirsson 13, Michael Giovacchini 11, Friðrik Hreinsson 7, Helgi Rafn Viggósson 7, Sigmar Logi Björnsson 5, Axel Káráson 4, Sveinbjörn Skúlaason 4.

Stig Grindavíkur: Darrell Flake 21 (8 frák.), Páll Axel Vilbergsson 20, Þorleifur Ólafsson 15 (8 frák., 6 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 13 (18 frák.), Ólafur Ólafsson 13, Brenton Birmingham 10, Guðlaugur Eyjólfsson 4.

Subway-bikar kvenna

Keflavík-Hamar 86-72 (37-24)

Stig Keflavíkur: Kristi Smith 29, Bryndís Guðmundsdóttir 23 (10 frák., 7 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 17, Pállína Gunnlaugsdóttir 7, Marín Rós Karlsdóttir 5, Rannveig Randversdóttir 2, Svava Ósk Stefánsdóttir 2, Sigrún Albertsdóttir 1.

Stig Hamars: Julia Demirev 21 (15 frák.), Koren Schram 11, Fanney Lind Guðmundsdóttir 10, Sigrún Sjöfn Amundadóttir 9, Sóley Guðgeirsdóttir 8, Íris Ásgeirsdóttir 4, Guðbjörg Sverrisdóttir 3, Hafúrinn Hálfánardóttir 3, Kristrún Sigurjónsdóttir 2, Jenný Harðardóttir 1.

Snæfell-Haukar 61-84 (33-50)

Stig Snæfells: Sherell Hobbs 25 (11 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 12, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 6, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 5, Björg Guðrún Einarisdóttir 4, Sara Mjöll Magnúsdóttir 4, Sara Sædal Andrésdóttir 2, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 2, María Björnsdóttir 1.

Stig Hauka: Heather Ezell 23 (15 frák., 10 stoðs.), Kíki Jean Lund 18, Helena Brynja Hólm 11, Guðrún Ósk Amundadóttir 7, Margrét Rósa Hálfánardóttir 6, Kristín Fjöla Reynisdóttir 6, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 5, Telma B. Fjalarsdóttir 4 (11 frák.), Heiðrún Ósp Hauksdóttir 4.

Njarðvík-Þór Ak. 83-48

Stig Þór Ak: Ólöf Helga Pálsdóttir 16, Eyrún Líf Sigurðardóttir 13, Auður Jónsdóttir 12 – Rut Konráðsdóttir 16, Freydis Guðjónsdóttir 12.

Fjölnir-Laugdælir 86-68 (40-36)

N1-deild kvenna í handbolta

Stjarnan-KA/Þór 36-22 (19-13)

Markahæstar: Alína Daniela Tamasan 13, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 6, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 6, Elisabet Gunnarsdóttir 5 – Martha Heermansdóttir 6, Arna Valgerður Erlingsdóttir 5.

Valur-FH 32-17 (12-6)

Markahæstar: Ágústa Edda Björnsdóttir 10, Hildigunnur Einarisdóttir 5, Kristín Guðmundsdóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 – Birna Berg Haraldsdóttir 4, Erla Heiður Tryggvadóttir 3.

Fram-Haukar 32-21 (15-10)

Markahæstar: Karen Knútsdóttir 12, Guðrún Þóra Hálfánardóttir 6, Pavla Nevarilova 4 – Hanna G. Stefánsdóttir 7, Ramune Pekarskyte 6.

HK-Fylkir 19-29 (8-15)

Markahæstar: Lilja Pálsdóttir 4, Elísa Ósk Víðarsdóttir 4, Elin Anna Baldursd. 4 – Sunna Jónsdóttir 6, Hildur Harðardóttir 5, Sunna María Einarisdóttir 4, Sigríður Hauksdóttir 4, Nataly Valencia 4.

Grindavík, Snæfell og ÍR eru komin í undanúrslit Subway-bikars karla í körfubolta eftir átta úrslitin í gær:

Snæfellingar unnu Fjölni í framlengingu

KÖRFUBOLTI Mesta spennan í leikjum gærkvöldsins í átta liða úrslitum Subway-bikars karla var í Stykkishólmi þar sem heimamenn í Snæfelli þurftu framlengingu til þess að vinna nýliða Fjölnis sem höfðu átt frábæra endurkomu í fjórða leikhlutanum. ÍR og Tindastöll unnu bæði sína leiki á útvelli þar sem bæði lið voru með forustuna allan tímann en gátu þó aldrei slakað á.

Snæfell vann 100-96 sigur á nýliðum Fjölnis eftir að staðan hafði verið 83-83 eftir venjulegan

FYRSTI SIGURINN Michael Jefferson vann með ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



leiktíma. Leikstjórnandinn stórnilegi, Ægir Þór Steinarsson, tryggði Fjölni framlengingu með þriggja stiga körfu á lokasekúndunum.

Snæfell var með gott forskot framan af leik en hið unga lið Fjölnis gafst ekki upp og kom leiknum í framlengingu með frábærum fjórða leikhluta sem Grafarvogslíði vann 24-15. Hólmarmar voru hins vegar sterkari í framlengingunni og unnu hana 17-13.

Grindavík tryggði sér sæti í undanúrslitum með 96-86 sigri á Tindastól á Sauðárkróki í kvöld.

Grindavík var 24-20 yfir eftir fyrsta leikhluta og 52-41 yfir í

hálfleik en Tindastöll náði að minnka muninn í fimm stig fyrir lokaleikhlutann en staðan var þá 68-73 fyrir gestina í Grindavík sem síðan klárðu leikinn í fjórða leikhluta.

ÍR voru fyrstir inn í undanúrslitin þegar þeir unnu sjö stiga sigur á Breiðabliki, 87-94, í Smáranum. ÍR-ingar voru með forustu allan leikinn, 25-21 yfir eftir fyrsta leikhluta og 45-40 yfir í hálfleik. ÍR-ingar unnu síðan bæði þriðja og fjórða leikhlutann með einu stigi. Michael Jefferson var með 28 stig, 7 stoðsendingar og 5 fráköst í sínum fyrsta sigurleik í ÍR-búningnum. - 66j

Sjö marka veisla Chelsea

Efstu þrjú liðin unnu öll sína leiki í ensku úrvalsdeildinni um helgina en Manchester City mátti hins vegar þola fyrsta tapið undir stjórn Roberto Mancini og missti af þeim sökum fjórða sætið aftur til Tottenham.

FÓTBOLTI Staðan breyttist ekkert á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki helgarinnar. Chelsea og Manchester United unnu örugga sigra á laugardaginn og Arsenal fylgdi þeim síðan fast eftir með góðum útsigri á Bolton í gær. Chelsea hefur nú áfram eins stigs forskot á Manchester United og Arsenal er síðan tveimur stigum á eftir United en á jafnframt leik inni á meistaranum.

Nicolas Anelka og Frank Lampard skorðu báðir tvennu fyrir Chelsea í 7-2 sigri á Sunderland en Chelsea-liðið var komið í 4-0 eftir aðeins 33 mínútur. Bakvörðurinn Ashley Cole sýndi glæsileg tilþrif þegar hann skoraði þriðja markið.

„Ég held að þetta hafi verið besta frammistaða okkar á tímabilinu,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, eftir leikinn. „Við spiluðum mjög vel þangað til í lok leiksins. Við byrjuðum leikinn einstaklega vel. Ég er mjög ánægður því þetta er mikilvægur tími fyrir okkur,“ sagði Ancelotti en hann sagði að bakvörðurinn Ashley Cole hefði átt mark leiksins. „Besta markið var kannski markið hans Ashley. Þetta var frábær sókn, glæsilegur einleikur og frábært mark,“ sagði Ítalinn.

Wayne Rooney lagði upp fyrsta markið fyrir Dimitar Berbatov og skoraði síðan annað markið sjálfur í 3-0 sigri Manchester United á Burnley. Það var varamaðurinn Mame Biram Diouf sem innsiglaði sigurinn í uppbótartíma.

„Þetta var skritinn leikur og það var eiginlega vandræðalegt að við skyldum ekki nýta eitthvað af færum okkar í fyrri hálfleik,“ sagði Ferguson. „Það þarf að skora mark til þess að opna lið eins og Burnley. Það þarf þolinmæði á móti svona liðum og við höfum hana.



SJÖ MÖRK Florent Malouda fagnar á táknrænan hátt í lok leiksins á móti Sunderland um helgina. MYND/SP

Þeim finnst örugglega 3-0 tap vera ósanngjarnt en fannst þó þetta ekki vera úrslit gegn gangi leiksins,“ sagði Ferguson eftir leikinn.

Arsenal vann 2-0 sigur á Bolton sem lék í fyrsta sinn undir stjórn Owens Coyle. Cesc Fabregas kom aftur inn í lið Arsenal eftir meiðsl og kom liðinu í 1-0 á 28. mínútu með laglegu marki eftir frábært þríhyrningspill við Eduardo da Silva. Varamaðurinn Fran Merida skoraði seinna markið í lokin.

„Þegar ég var yngri þá var ég ekki að nýta færin en nú eru boltarnir að rata í markið hjá mér. Ég vona að það haldi áfram út tímabilið. Það er síðan mikilvægt fyrir okkur í baráttunni um meistartitilinn að vinna þá aftur á miðvikudaginn,“ sagði Cesc Fabregas.

Manchester City missti fjórða sætið til Tottenham eftir fyrsta tapið undir stjórn Roberto Mancini. Everton hafði mikla yfirburði og vann sannfærandi 2-0 sigur.

„Everton spilaði betur en við og það getur alltaf gerst í fótbolta. Við getum ekki alltaf unnið en vonandi verður þetta síðasta tapið. Við erum í vandræðum vegna meiðsla, það er of mikið álag á sömu leikmönnum og þeir eru orðnir mjög þreyttir,“ sagði Mancini.

Stoke tryggði sér 1-1 jafntefli á móti Liverpool þegar Robert Huth jafnaði leikinn eftir hornspyrnu á 90. mínútu. Dirk Kuyt skallaði í stöngina í uppbótartíma og Liverpool gat ekki endað skelfilega viku á jákvæðum nótunum.

ooj@frettabladid.is

ENSKI BOLTINN

Enska úrvalsdeildin

ASTON VILLA - WEST HAM	0-0
BLACKBURN ROVERS - FULHAM	2-0
1-0 Chris Samba (24.), 2-0 Ryan Nelsen (53.).	
BOLTON WANDERERS - ARSENAL	0-2
0-1 Cesc Fabregas (27.), 0-2 Fran Merida (77.).	
Grætr Rafn Steinarsson lék allan leikinn.	
CHELSEA - SUNDERLAND	7-2
1-0 Nicolas Anelka (7.), 2-0 Florent Malouda (17.), 3-0 Ashley Cole (21.), 4-0 Frank Lampard (33.), 5-0 Michael Ballack (51.), 5-1 Boudewijn Zenden (55.), 6-1 Nicolas Anelka (64.), 7-1 Frank Lampard (89.), 7-2 Darren Bent (90.+1).	
EVERTON - MANCHESTER CITY	2-0
1-0 Steven Pienaar (36.), 2-0 Louis Saha (48.).	
MANCHESTER UNITED - BURNLEY	3-0
1-0 Dimitar Berbatov (63.), 2-0 Wayne Rooney (68.), 3-0 Mame Biram Diouf (90.).	
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á 73. mínútu leiksins.	
STOKE CITY - LIVERPOOL	1-1
0-1 Sotiris Kyrgiakos (57.), 1-1 Robert Huth (90.).	
WOLVES - WIGAN ATHLETIC	0-2
0-1 James McCarthy (59.), 0-2 N'Zogbia (72.).	

STADAN:

Chelsea	21	15	3	3	52-18	48
Man. United	22	15	2	5	49-19	47
Arsenal	21	14	3	4	55-23	45
Tottenham	21	11	5	5	42-22	38
Man. City	21	10	8	3	42-30	38
Aston Villa	21	10	6	5	29-18	36
Liverpool	21	10	4	7	38-26	34
Birmingham	21	9	6	6	21-19	33
Fulham	21	7	6	8	26-24	27
Everton	21	6	8	7	30-34	26
Stoke City	21	6	7	8	19-26	25
Blackburn	22	6	6	10	23-29	24
Sunderland	21	6	5	10	30-38	23
Wigan Athletic	20	6	4	10	23-44	22
Burnley	21	5	5	11	22-43	20
West Ham	21	4	7	10	28-37	19
Wolves	21	5	4	12	17-38	19
Hull City	21	4	7	10	20-42	19
Bolton	19	4	6	9	26-38	18
Portsmouth	20	4	2	14	18-32	14

Enska b-deildin

Emil Hallfreðsson skoraði fyrir Barnsley sem tapaði 1-2 á heimavelli fyrir Sheffield Wednesday.

Watford tapaði 1-2 á útvelli á móti Doncaster.

Heiðar Helguson skoraði úr vítum á 90. mínútu.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék sinn fyrsta leik með Reading þegar liðið tapaði 1-2 á móti Nott. Forrest. Ívar Ingimarsson lék allan leikinn.

Kári Arnason lék allan leikinn með Plymouth sem tapaði 0-1 á móti Crystal Palace.

Aron Einar Gunnarsson kom inn á 82. mínútu þegar Coventry tapaði 2-3 á móti Ipswich.

Keflavík, Haukar, Fjölnir og Njarðvík komin í undanúrslit Subway-bikars kvenna:

Sannfærandi hjá Keflavík

KÖRFUBOLTI Keflavík, Haukar, Njarðvík og Fjölnir tryggðu sér um helgina sæti í undanúrslitum Subway-bikars kvenna.

Stórleikurinn var í Keflavík í gær þar sem heimastúlkur tóku á móti KR-bönunum í Hamri en eini leikurinn sem KR hefur tapað var í 16 liða úrslitum bikarsins á móti Hamri. Það dugði Hamarskonum ekki að hafa endurheimt Juliu Demirer því Keflavíkurkonurnar tóku völdin strax í upphafi leiks og unnu sannfærandi sextán stiga sigur 86-72.

Kristi Smith var óstöðvandi hjá Keflavíkurliðinu framan af leik og Bryndís Guðmundsdóttir átti líka mjög góðan allhiða leik. Keflavík komst strax í 15-3 og var 23-9 yfir eftir fyrsta leikhlutann. Keflavík var síðan með þrettán stiga forskot í hálfleik, 37-24.

Hamar náði að minnka muninn niður í sjö stig í fjórða leikhluta en nær komust Hvergerðingar ekki.

Hamarskonur hafa nú tapað þremur leikjum í röð með ellefu stigum eða meira. Julia Demirer hjálpaði liðinu með því að vinna fráköstin (37-33) en ekki leikinn.

Heather Ezell náði þrefaldri tvennu þriðja leikinn í röð þegar Haukonur unnu 84-61 sigur á

Snæfelli í Stykkishólmi. Ezell var með 23 stig, 15 fráköst og 10 stoðsendingar í leiknum.

Haukar unnu mjög öruggan sigur. Liðið var komið tíu stigum yfir eftir fyrsta leikhlutann, 26-16, og var með 17 stiga forskot í hálfleik, 50-33.

Þrátt fyrir að hafa náð þrenn- unni þá hitti Ezell ekki vel en aðeins 5 af 20 skotum hennar fóru rétta leið og þá var hún með 8 tapaða bolta.

Njarðvík og Fjölnir tryggðu sér sæti í undanúrslitunum með öruggum heimasigrum á laugardaginn. - 66j



GÓÐ Í GÆR Bryndís Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gítarnámskeið

12 einkatímar fyrir alla aldurshópa
 Hefst 25. janúar

verð: kr 47.000

innritun er hafin í síma 581 1281

www.gitarskoli.is

gitarskoli@gitarskoli.is

ÚTSALA

Ofnar, helluborð og háfar með allt að 47% afsl.

Sjálfvirkar kaffivélar frá Gaggia og Saeco með miklum afslætti

Severin kæliskápar á mjög góðu verði – verð frá kr. 34.990

Sýningareintök og útlitsgallað með miklum afslætti

Spansuðuhelluborð með allt að 97.000 kr. afslætti

**Severin smátæki með
allt að 45% afslætti**

**Örbylgjuofnar
frá kr. 9.990**

TOSHIBA

Panasonic

Bauknecht

KitchenAid

GAGGIA

Silit

SEVERIN

Amana

De Dietrich

Brandt

Blomberg

Saeco



WilliamBounds



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

> Casper Christensen

„Við Frank vildum gera þætti um menn í kringum fertugt sem lífið léki við. Málið væri hins vegar að þeir kæmu sér stöðugt í einhver vandræði. Það hefur hreinlega sýnt sig að þetta er frekar alþjóðlegt vandamál.“

Sjónvarpið sýnir danska gamanþáttinn Klovn kl. 22.25 um rugludallana Frank og Casper.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR HUGSAR STUNDUM TIL BERLUSCONI YFIR DAGSKRÁ RÚV

Um hnignun Rómaveldis og Ríkissjónvarps

Það gerist sjaldan að innlend dagskrárgerð Ríkissjónvarpsins yljár mér um hjartaræturnar. Oft þegar ég kveiki á þessu, til dæmis þegar ég sá hluta af Eurovision á laugardaginn, verður mér hugsað til heimildarmyndarinnar Videocracy, sem sýnd var á kvikmyndahátíð hér í fyrra.

Sú segir frá því hvernig Silvio Berlusconi á að hafa mótað ítalska menningu í gegnum sjónvarpsstöðvar sínar. Hann sló fyrst í gegn með spurningaleik þar sem fáklædd kona dillaði sér í hvert sinn sem rétt var svarað. Þá var sjónvarpið ennþá svarthvitt og ítöllum fannst þetta hlægilegt frekar en myndi. Þeim datt ekki í hug að þetta væri dögum nýrra tíma. Nú er svo

komið að margir Ítalir skammast sín fyrir sjónvarpið, þar sem allt snýst um dansandi mállausar stelpur, trúða, mat, og íþróttir. Verst finnst þeim þó hvað þetta er orðið vinsælt.

Leikstjóri myndarinnar, Eric Gandini, telur að Berlusconi hafi náð völdum með því að forheimska fyrst ítalska þjóð. Hann hafi safnað auði með því að bjóða upp á það sem höfðaði til lægsta samnefnara samfélagsins, og heilapvegið fólk í leiðinni. Svo bauð hann sig fram í pólitík, með áherslur sem hann hafði áður gert eðlilegar heimilunum í landinu. En auðvitað voru það Ítalir sjálfir sem kusu að horfa á einka-stöðvar Berlusconi.

Á Íslandi hafa svipaðir hlutir verið að gerast, nema í boði skattgreiðenda. Kúltúrin er íslenska Ríkissjónvarpinu verður ítalskari með ári hverju. Ég er ekki að segja að þetta sé sérstakt áhugamál núverandi sjónvarpsstjóra, eða að hann sé á leið í framboð. En ef svo er ekki þá er heldur engin ástæða til að halda þessu áfram.



MÁNUDAGUR



▶ **20.00 Talladega Nights** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Glee** STÖÐ 2



▶ **21.00 The Prisoner** SKJÁREINN



▶ **21.15 Sporlaust** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 Cold Case** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Pálína (19:28)
- 17.35 Stjarnan hennar Láru (14:22)
- 17.50 Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Hreindýrafólkið (The Reindeer People) Frönsk heimildarmynd um Dukha-hirðingja í hinum helgu skógum Mongólíu. Fylgst er með fjölskyldu á ferð með hundræð hreindýra hjörð sína.
- ▶ 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (4:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Tveggja ára ættleiddur drengur frá Súdan hverfur og sérsveitin veltir fyrir sér hvort hvarfið tengist frægð foreldranna eða ólgunni í heimalandi drengsins.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Trúður (Klovn VI) (4:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
- 22.55 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)
- 23.40 Spaugstofan (e)
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.40 Lögin í söngvakeppninni Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.
- 00.50 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Yours, Mine and Ours
- 10.00 Running with Scissors
- 12.00 Facing the Giants
- 14.00 Yours, Mine and Ours
- 16.00 Running with Scissors
- 18.00 Facing the Giants
- ▶ 20.00 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby Gamannmynd með Will Ferrell í aðalhlutverki.
- 22.00 Havoc
- 00.00 From Dusk Till Dawn 2
- 02.00 A Perfect Murder
- 04.00 Havoc
- 06.00 Daltry Calhoun

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 The Moment of Truth (19:25)
- 11.00 Ghost Whisperer (56:62)
- 11.45 60 mínútur
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Worst Week (7:16)
- 13.25 Broken Bridges
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (2:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons (17:25)
- 19.45 Two and a Half Men (5:24) Fjórdra gamanþáttaserían um bræðurna Charlie og Alan Harper.
- ▶ 20.10 Glee (12:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
- 20.55 American Idol (1:43) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur níunda árið í röð.
- 22.15 American Idol (2:43)
- 23.00 K-Ville (8:11) Sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor. Þeir eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem verðir laganna og beita ósjaldan ansi óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.
- 23.45 Hung (2:10)
- 00.15 Five Days (2:5)
- 01.15 Broken Bridges
- 02.55 Glee (12:22)
- 03.40 ET Weekend
- 04.25 Friends (2:24)
- 04.50 The Simpsons (17:25)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 17.50 Inside the PGA Tour 2010 Sýnt frá SBS Championship mótinu í golfi sem fram fór á dögnum.
- 18.50 Inside the PGA Tour 2010
- 19.20 Atl. Bilbao - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 21.00 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
- 22.00 Bestu leikirnir: KR - Valur
- 27.05.99 Árið 1999 var ár KR-inga og þeir hugðust enda 31 árs bið eftir Íslandsmeistararitilinum. Einbeitingin skein úr andliti KR-inga þegar erkjendurinn Val komu í heim-sókn í Frostaskjöldi í lok maí.
- 22.30 World Series of Poker 2009 Allir snjöllustu pókerspilarar heims mættu til leiks.
- 23.20 Augusta Masters Official Film Vandadir þættir þar sem rífaðar eru upp eftir-minnilegustu keppnirnar í sögu Masters sem er eitt af risamótunum fjórum í golfi.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Bolton - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 14.25 Tottenham - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 Everton - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 Premier League Review
- 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 18.40 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
- 19.35 Newcastle - WBA Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
- 21.40 Premier League Review
- 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 22.40 Coca Cola mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.
- 23.10 Newcastle - WBA Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 7th Heaven (1:22) Bandarísk unglingsería þar sem Camden-fjölskyldunnin er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
- 17.30 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.15 Fréttir
- 18.30 Survivor (11:16) (e)
- 19.30 Fréttir (e)
- 19.45 King of Queens (14:25) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (12:13) Núna er Gordon í Illinois að aðstoða eigna veitingastaðar sem á að vera finn og flottur en stendur alls ekki undir væntingum.
- ▶ 21.00 The Prisoner (3:6) Glæný þáttaröð með Ian McKellen og Jim Caviezel í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um mann sem er fastur í undarlegum bæ í miðri eyðimörk og man ekki hvernig hann komst þangað.
- 21.50 CSI: New York (19:25) Bandarísk sakamálaería um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Indíánahöfðingi er myrtur í neðanjarðarlest og rannsóknin leiðir í ljós að fórnarlambið stóð í harðvígum deilum um landareign.
- 22.40 The Jay Leno Show
- 23.25 Dexter (3:12) (e)
- 00.25 King of Queens (14:25) (e)
- 00.50 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Uppúr öskustónni Guðjón Bergmann ræðir við Pál Ásgeir Davíðsson um viðskiptasiðferði og samfélagslega ábyrgð.
- 20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon á Sjávarbarnum heimsækir kollega sína.
- 21.00 Frumkvöðlar Elnóra Inga Sigurðardóttir leitar lausna fyrir framtíðina.
- 21.30 Í nærveru sálar Í umsjón Kolbrúnar Baldursdóttur. Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur? (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

HEFST Í KVÖLD KL. 20:55

skemmtilegri

Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED

CSI: New York

SkjárEinn kl. 21.50

Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

Í þættinum í kvöld rannsakar hann morð á indíána-höfðingja sem er myrtur í neðan-jarðarlest. Fljótlega kemur í ljós að að fórnarlambið stóð í harðvítugum deilum um landareign og líklegt að morðið tengist því.



STÖÐ 2 KL. 20.55

American Idol

Vinsælasti skemmtipáttur veraldar snýr aftur níunda árið í röð. Draumar átta söngvara hafa ræst sem allir hafa slegið í gegn og selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbygðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.



EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (3:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Seinfeld (14:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (3:22)

20.30 Seinfeld (14:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Cold Case (3:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagi hennar í sérdeild lögreglunnar sem halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 The Mentalist (8:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

23.20 Mad Men (13:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum lítrika auglýsingageira á Madison Avenue í New York.

00.10 Sjáðu

00.35 Fréttir Stöðvar 2

01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.05 My Family 12.35 Blackadder II 13.05 My Hero 13.35 Doctor Who 14.20 Doctor Who 15.05 Sensitive Skin 15.35 Dalziel and Pascoe 16.25 The State Within 17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30 Lab Rats 19.00 The Green Green Grass 19.30 New Tricks 20.20 The Fixer 21.10 The Green Green Grass 21.40 Only Fools and Horses 22.10 My Family 22.40 Blackadder II 23.10 My Hero 23.40 The Fixer

DR 1

12.30 Seinfeld 13.00 DR1 Dokumentaren. Slotsruer **14.00 DR Update** - nyheder og vejr **14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Svampebob Firkant 15.55 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Der var engang... 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 De store katte 19.00 Oceaner af liv 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Mord på hjernen 23.00 OBS 23.05 Så er der pakket 23.35 Boogie Mix**

NRK1

12.10 Berúfssens konspirasjoner 12.40 Med hjertet på rette staden 13.30 330 skvadronen 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Forkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Puls 19.15 Klasse 10 B 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Orkestergraven 21.30 Rødt, hvitt og skrátt 22.00 Kveldsnytt 22.15 Poirot

SVT 1

13.30 Med glorian på sned 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Clown till fjalls 16.25 Solens mat 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Minnenas television 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Kraschen 20.00 Molinska skrönor 21.00 Världens undergång 21.55 The Constant Gardener

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst

06.50 Bæn

07.03 Vitt og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.05 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

13.00 Hringisól

14.03 Bak við stjórnumar

15.03 Útlarpssagan: Vetur í Vindheimum

15.25 Fólk og fræði

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Heimur hugmyndanna

22.12 Orð kvöldsins

22.25 Straumar

23.15 Lostafulli listræninginn

23.50 Úr kvæðum fyrri alda

00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlarp Saga

FM 90,1 Rás 2

FM 102,2 Útlarp Latibær

FM 102,9 Lindin

FM 105,5 Útlarp Boðun

Móttöku auglýsinga og skráninga
í Símaskrána 2010 fer senn að ljúka.

ÞARFTU AÐ LÁTA BREYTA ÞÉR Í SÍMASKRÁNNI 2010?

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þins hafðu
þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200,
farðu inn á Ja.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

SKRÁNINGU LÝKUR 31. JANÚAR 2010

Þú ert ekkert
númer ef þú ert ekki
í Símaskránni



10-er svarið

HVAD SEGIR MAMMA?



„Mér hefur alltaf fundist hann ofboðslega sérstakur. Hann fékk snemma mikinn tónlistaráhuga og var þriggja ára orðinn Billy Joel aðdáandi.

Hann hefur alltaf haft mikla úþrú og pabbi hans þurfti að fara með hann til stórborga til að sefa útþrána. Mér finnst hann vera að blómstra í listinni núna og er mjög ánægð með hvernig hefur ræst úr honum.“

Póra Berg Jónsdóttir er móðir Sigtryggs Bergs Sigmarssonar, eins þeirra listamanna sem taka þátt í samsýningunni Ljósíttlífun í Hafnarhúsinu.

Sendiherra styður silfurdrengina

Sendiherra Íslands í Austurríki, Stefán Skjaldarson, ætlar að hvetja silfurdrengina í handboltalandsliðinu til dæða gegn Serbíu á Evrópumótinu í Austurríki á morgun.

„Ég ætla náttúrulega að fara á leikinn. Hann er 150 kílómetra í burtu héðan í borginni Linz en það er ekkert mál að skreppa,“ segir Stefán, sem hefur verið sendiherra í Austurríki í þrjá mánuði. Hann telur það miklu máli skipta að vinna fyrsta leikinn ef vel á að ganga í mótinu. Ekki væri heldur verra að vinna Dani, sem eru með Íslendingum í riðli ásamt heimamönnum í Austurríki. „Ef þeir komast áfram þá komast þeir til Vínar og þá verður styttra að fara á leikina,“ segir Stefán, sem starfar einmitt í Vínarborg. Aðspurður segir hann það alveg óvíst hvort hann ætli að heilsa upp á landsliðsmennina fyrir leikinn gegn Serbum. „Ég vil nú helst ekki

vera að trufla þá. Kannski tala ég bara við þá í klefanum eftir leik, það er ef þeim gengur vel,“ segir hann í léttum dúr.

Töluverð umfjöllun hefur verið um mótið í austurrískum fjölmiðlum að undanförunu og hefur Stefán fylgst grannt með gangi mála. „Þeir hafa verið með fréttir af sínu liði. Þeir hafa verið að æfa grimmt og þeim hefur gengið nokkuð vel,“ segir hann en býst við því að Austurríkismenn nái ekki að stöðva Íslendingahraðlestina.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, hefur útvegað Íslendingum um 25 miða á leikinn gegn Serbum. Fleiri ætla að mæta á leikina gegn Austurríki og Danmörku eða um 65 til 70 manns. Ekki er flogið beint til Austurríkis frá Íslandi að vetri til og því þurfa handboltaáhugamenn að fljúga til borga á borð við Frankfurt eða Kaupmannahöfn og taka þaðan lest, eða nota bíla-leigubíla til að komast á leiðarenda.



SNORRI STEINN Sendiherrann ætlar að styðja við bakið á Snorra Steini Guðjónssyni og félagum í landsliðinu.

EINAR ÞORVARÐARSON Einar stendur í ströngu við að úthluta Íslendingum miða á Evrópumótið í handbolta.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. skitur, 6. ógrynni, 8. háma, 9. þjófnadur, 11. tveir eins, 12. beikon, 14. kærleiks, 16. berist til, 17. rjúka, 18. eyrir, 20. tveir eins, 21. slabb.

LÓÐRÉTT

1. grasþökur, 3. ullarflóki, 4. strau-miða, 5. vefnaðarvara, 7. þögull, 10. tangi, 13. hlóðir, 15. ferðast, 16. hryggur, 19. guð.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. tórf, 3. rú, 4. iðukast, 5. tau, 7. flálarur, 10. nes, 13. stó, 15. ósa, 18. aur, 20. tt, 21. kráp.

LÓÐRÉTT: 2. drtt, 6. of, 8. úða, 9. rán, 11. nu, 12. flésk, 14. ástar, 16. bt, 17. ósa, 18. aur, 20. tt, 21. kráp.

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

ALGIRDAS SLAPIKAS: VIÐ ERUM EKKI ÖLL SLÆMAR MANNESKJUR

Hópur Litháa á Íslandi stofnar nýtt íþróttafélag

„Við viljum sýna að við erum ekki öll slæmar menneskjur,“ segir Litháinn Algirdas Slapikas.

Hópur fólks hefur stofnað Íþróttafélag Litháa á Íslandi sem hefur það að markmiði að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkana og að aðstoða innflytjendur við að aðlagast íslensku samfélagi. „Vegna allra þessara neikvæðu fréttu í blöðunum þá er þetta eitthvað sem við viljum að sjálfsögðu að bæti ímynd innflytjenda, sem fáeinir einstaklingar hafa skemmt,“ segir Algirdas, sem er formaður félagsins. Um 1.500 Litháar eru búsettir á Íslandi og ætti efniviðurinn því að vera ágætur fyrir þetta nýstofnaða félag.

Tilurð félagsins var þátttaka körfuboltaíðsins Lituanica í 2. deild karla síðasta haust. Körfuknattleikssamband Íslands, KKÍ, setti það sem skilyrði að stofnað yrði íþróttafélag í kringum liðið og þá fór boltinn að rúlla. Í stjórn félagsins eru þekktir íþróttamenn af litháiskum uppruna, þar á meðal Ramune Pekarskyte, handboltakona hjá Haukum, og þau Kristina Kvedarine og Romualdas Gecas sem hafa bæði spilað handbolta hér á landi.

Síðar meir vonast Algirdas til að fótþoli og fleiri íþróttir bættist í flóru félagsins og stefnan hefur verið sett á að taka þátt í utan-deildinni í fótþoli í framtíðinni. Tekur hann fram að allir séu velkomnir í íþróttafélagið, bæði innflytjendur og Íslendingar.

„Þetta byrjaði fyrir svona einu ári þegar ég var að undirbúa litháískt körfuboltamót á Ásvöllum. Það var mjög góð aðsókn og þrettán lið mættu. Í haust leyfði KKÍ okkur svo að keppa í 2. deildinni,“ segir hann. Liðið, sem spilar heimaleiki



ALGIRDAS SLAPIKAS Algirdas vill aðstoða innflytjendur, bæði frá Litháen og annars staðar frá, við að aðlagast íslensku samfélagi.

sína í Vogum, hefur spilað sjö leiki, unnið tvo en tapað fimm. „Þetta er góður árangur því við erum bara með tvo sem hafa stundað körfubolta af einhverri alvöru. Við eigum eftir að styrkjast eftir því sem fram líða stundir.“

Hann er einnig mjög ánægður með stuðninginn sem liðið hefur fengið því hópur Litháa mætir á alla leiki liðsins, sem er frekar óalgengt þegar 2. deildin er annars vegar. Sýnir þetta vel samstöðuna sem ríkir innan raða Litháa á Íslandi.

freyr@frettabladid.is



LITUANICA Körfuboltaíð hefur unnið tvo leiki en tapað fimm það sem af er keppnistímabilinu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hún vakti töluverða athygli, frétt Séð og Heyrt, um að **Linda Pétursdóttir**, fyrrum alheimsfegurðardrottning og eigandi Baðhússins, væri komin með nýjan herra. Sá væri Þorgils Óttar Mathiesen, bróðir fyrrum fjármálaráðherra Arna Mathiesen og fyrrverandi fyrirlíði íslenska landsliðsins. Linda



upplýsir hins vegar í samtali við sunnudagsblað Morgunblaðsins að þau séu ekki lengur par.

Óskar Páll Sveinsson og **Bubbi Morthens** voru kampakátir þegar úrslit símakosningu Söngvakeppni Sjónvarpsins voru ljós því þeir komust áfram með Jógvan Hansen og lagið One More Day. Hvannaldsbræður sýndu enn og sönnuðu að þeir eiga sér tryggan aðdáendahóp því þeir komust einnig áfram í úrslitakvöldið með Gleði og Glens.



Kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, er komin í eftirvinnslu á nýjan leik og er nú gert ráð fyrir því að hún verði frumsýnd á þessu ári, samkvæmt kvikmyndavefnunum imdb.com. Upphaflega var gert ráð fyrir því að myndin yrði frumsýnd á árinu sem var að líða. Myndin skartar **Diane Kruger** í aðalhlutverki en hún lék eitt aðalhlutverkanna í Tarantino-myndinni Inglorious Basterds. - fgg



Hræðir liðsfélagana með borunum

Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, knattspyrnumaður í úrvalsdeildarliðinu FH, útskrifaðist sem tannlæknir síðasta vor. Hann segir gaman að fá liðsfélaga til sín í stólinn.

Ásgeir Gunnar, sem er miðjumaður í liði FH, hefur starfað sem tannlæknir hjá tannlæknastofunni Krýnu frá því að hann lauk námi. Hann segir það hafa verið strembið á tíðum að sinna bæði boltanum og náminu en að það hafi þó gengið upp með mikilli vinnu. Aðspurður segir hann það hafa komið fyrir að vera beðinn um eiginhandaráritun að tannviðgerðunum loknum. „Það er einn og einn sem veit hver maður er og sumir krakkarnir hafa beðið um eiginhandaráritun, sem er alltaf gaman. Ég hef líka fengið nokkra liðsfélaga til mín í stólinn og það er gaman að fíflast svolítið í þeim og hræða þá með tækjunum hér á stofunni,“ segir Ásgeir Gunnar.

Sjálfur hefur Ásgeir Gunnar



ALDREI FENGIÐ SKEMMD Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, tannlæknir og fótþolamaður, hefur aldrei fengið tannskemmd.

aldrei fengið tannskemmd og þegar hann er beðinn um hollræði fyrir lesendur blaðsins segir hann mikilvægt að burstu tennurnar tvisvar á dag. „Besta ráðið er að

burstu tennurnar tvisvar á dag og nota tannþráð daglega. Tannburstinn nær ekki á milli tannanna og því er mikilvægt að nota tannþráð líka.“

- sm

KvikFix
Smyrjum'ann fyrir sanngjarnt verð Vesturvör 30c

Yaris 1,3 árg. 2001	Kr. 4.700
Mazda 3 2,0 árg. 2005	Kr. 5.900
Astra 1,8 árg. 2006	Kr. 5.300

Innifalið í verði er vinna, olía, olíusía, kaffi og vöflur með sultu og rjóma. Ummm.

Ferð á Kársnesið borgar sig!

Skóðaðu!
www.kvikfix.is

ÁRSKORT

Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

Á **31.990 KR.**

Aðeins 2.666 kr. á mánuði.

Bjóðum vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur



 **Nautilus**

Ókeypis prufutími undir leiðsögn þjálfara.

Bjóðum öllum að panta ókeypis prufutíma

með þjálfara. Frítt í sund eftir tímann.

15 ára aldurstakmark (10. bekkur).

Tvö kort keypt í einu

AÐEINS **29.990 KR.** Á MANN

eða aðeins 2.499 kr. á mánuði á mann í 12 mánuði.

Bjóðum vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur.

Tilboðið gildir 2.-20. janúar 2010

KORTIÐ GILDIR Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á BÁÐUM STÖÐVUM NAUTILUS Í KÓPAVOGI – SUNDLAUG KÓPAVOGS OG ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI VERSÖLUM.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöðin Versalir / sími 570 0480
www.nautilus.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Skelfilegir dómur

Kvikmynd **Magnúsar Scheving**, The Spy Next Door, hefur fengið afleita dóma í bandarísku pressunni en þar leikur Magnús rússneskan þrját á móti sjálfum Jackie Chan. Gagnrýnandi New York Times segir í gagnrýni sinni vera töluvert hrifinn af kvikmyndum Jackie Chan. Það gerist hins vegar ekki oft að fyrsti hláturinn heyrist undir lok myndar, þegar mistök við gerð hennar renna yfir hvíta tjaldið, eins og gerðist með þessa.



Fræg áheyrnarprufa

Kvikmyndavefurinn Rotten Tomatoes, sem safnar saman gagnrýni, er kannski besta sönnunin fyrir viðbrögðum gagnrýnenda því þar kemur í ljós að myndin fær níu prósent af hundrað mögulegum. Í því ljósi er kannski rétt að rífa upp fræga áheyrnarprufu sem Magnús lét gera ásamt **Magnúsi Ragnarsyni** en þar sýndi Íþróttálfurinn hvers hann var megnugur... hvað líkamlega fími varðar. Og þar voru líka „fyndin“ mistök í lokin, sem voru kannski hápunktur áheyrnarprufunnar líka. - fgg



Vespuæðið heldur áfram

Vespuæðið sem greip þjóðina virðist hvergi í rénun. Bensínverð hefur enda náð nýjum hæðum og mun ódýrara er að ferðast á slíku farartæki en á bensínfrekum bíl. **Steingrímur Sævarr Ólafsson**, fréttastjóri Pressunnar, er einn þeirra sem hafa tekið ástfóstri við vespuna og bætist hann þar með í ört stækkandi hóp fjölmiðlamanna sem aka um á léttum bifhjólum. Meðal annarra má nefna Andra Ólafsson, fréttamann á Stöð 2, og Sigurjón M. Egilsson, sem stýrir þættinum Sprengisandi á Bylgjunni.



Mest lesið **visir.is**

- 1 Íslenskur karlmanni byrðuð ólyfjan í Taílandi
- 2 Bróðir Eldu á lífi
- 3 „Ég vona að þjóðin segi stórt og feitt nei“
- 4 Friðargæsluliðar tryggja öryggi Íslendinganna
- 5 Veggjald í Hvalfjarðargöngum hækkar

Nýr iPod nano

Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp



Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | Opnunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

» Sumar 2010:

New York New York!

Bókaðu
núna!

Bandaríkin bíða!

Í júní hefur Iceland Express áætunarflug til **New York** og verður flogið fjórum sinnum í viku um Newark-flugvöll.

Viðtökurnar hafa verið frábærar, því íslenskir ferðalangar vilja hafa valkost þegar kemur að því að fljúga til Bandaríkjanna.

Bókaðu þitt flug til New York á www.icelandexpress.is

» Verð frá:

24.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express með ánægju

